

Náttúran laðar fram það besta



Töff Tinder-ráð fyrir einhleypa



FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Tímamót > 10

Lífið > 16

FRÉTTABLAÐIÐ

260. TÖLUBLAÐ 22. ÁRANGUR

frettabladid.is

FRÍÐJUDAGUR 29. NÓVEMBER 2022



Snjólétt er á landinu öllu og nánast eina snjóinn í byggð má finna í Reykjanesbæ en búið er að dæla gervisnjó á götur bæjarins fyrir upptökur á bandarísku þáttaseriunni True Detective. Hluti af tökum þáttanna fara fram við Hafnargötuna en einnig við Sunnubraut, Brekkustíg og Þórustíg í Njarðvík. Bærinn fær það hlutverk að vera lítið þorp í Alaska.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Saka Lilju um seinagang við ráðningu

Formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna segir félagsmenn undrast tafir á ráðningu forstöðumanns Listasafns Íslands. Sá hæfasti heltist úr lestinni. Ráðherra segir stjórnsýsluna vandaða.

ser@frettabladid.is

MENNING Röskum tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur um stöðu forstöðumanns Listasafns Íslands rann út hefur enn ekki verið ráðið í hana. Í millitíðinni hefur sá umsækjandi sem talinn var hæfastur helst úr lestinni.

Fjöldi myndlistarmanna hefur gagnrýnt ráðningarferlið, en ráðherra segir að um vandaða stjórnsýslu sé að ræða og hafnar því að ráðningin hafi dregist úr hömlu.

„Við ætlum að vanda okkur sérstaklega við ráðninguna,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, ráðherra málaflokksins, en hún var sem kunnugt er gagnrýnd fyrir ráðningu nýs þjóðminjavarðar nýlega, sem jafnframt er fyrrverandi forstöðumaður Listasafns Íslands.

„Mínir félagsmenn eiga ekki til orð,“ segir Anna Eyjólfsdóttir, formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna. „Ég heyri mikla gagnrýni vegna þessa langa ráðningarferlis,“ bætir hún við.

Sjö sóttu um stöðuna en umsóknarfrestur rann út í september í haust. Fjórir voru metnir hæfir, þar af einn hæfastur, Gunnar B. Kvaran, sem verið hefur forstöðumaður listasafna heima og erlendis um áratugaskeið, en lengst af á síðari árum hefur hann stjórnað stærsta



Mínir félagsmenn eiga ekki til orð.



Anna Eyjólfsdóttir, formaður SÍM

einkasafni með nútímamyndlist í Evrópu, sem er í Osló.

Gunnar hefur nú dregið umsókn sína til baka – og innan myndlistargeirans telja margir það vera reginhneyksli að stjórnsýslan hafi misst af jafn hæfum manni. „Hann var maðurinn til að rífa upp safnið á nýjaleik,“ segir einn heimildarmanna blaðsins. „Þegar líða fór á langaði mig bara ekki nógu mikið heim,“ segir Gunnar sjálfur.

Ráðherra segist treysta úrvalsfólki í hæfnisnefndinni, sem muni kynna umsækjendum greinargerð sína í dag. Að svo búnu hefjist ráðningarviðtöl.

„Engar tafir hafa orðið á ráðningarferlinu sem allt er samkvæmt ströngustu fyrirmælum stjórnsýslulaga og annarrar löggjafar,“ segir Lilja Alfreðsdóttir. ■

Unglingsdregur í öndunarvél

NORDURÞING „Mig langar að koma þökkum á framfæri til allra sem senda okkur kveðjur og hlýja strauma,“ segir Ísak Sigurgeirsson, verslunarstjóri í Ásbyrgi.

Ísak er staddur í Svíþjóð ásamt eiginkonu sinni, Senee Sankla Noi, þar sem lækna veita fimmtán ára gömlum syni þeirra meðferð eftir alvarlegt slys fyrir rúmri viku.

Sonur þeirra, Sigurgeir, var fluttur með þyrllu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann eftir slys sem leiddi til þess að stór hluti líkama hans varð fyrir skaða. Brunasár þekja um 40 prósent líkama hans. Sigurgeiri er haldið sofandi. „Hann er í öndunarvél,“ segir Ísak en kveðst vongóður. Lungu og önnur líffæri Sigurgeirs sluppu sem er mikil blessun að sögn Ísaks. **SJÁ SIÐU 2**

Sportlegur og alrafmagnaður 🏎️
Škoda Enyaq Coupé RS iV.

H Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is/skodasalur



Tíu gráðu hiti í höfuðborginni

sbt@frettabladid.is

VEÐUR Hlýindi eru í veðurkortunum fyrir höfuðborgina næstu daga en hiti gæti náð tíu gráðum annað kvöld. Útlit er fyrir suðaustanátt með rigningu, þó síst norðaustanlands og er hiti 6 til 12 stig.

Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur hjá Bliku, segir að á meðan við séum í nánast tveggja stafa hitatölum sé ekki það sama uppi á teningnum annars staðar í Evrópu. Spár gera ráð fyrir að háþrýstisvæði myndist í Norður-Atlantshafi og hafi þau áhrif að kalt loft streymi úr austri



Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur

og yfir Evrópu. „Þetta kalla Evrópu-menn „The beast from the east“ upp á ensku,“ segir Einar og hlær.

„Það getur líka hist þannig á að staðan á þessum hæðum sé þannig að kalda loftið dembist líka yfir okkur. Þannig að þessu tíðarfari, þegar opnast fyrir kalt loft úr austri yfir Evrópu, fylgja yfirleitt annað hvort mikil hlýindi, miklar sunnanáttir eða þá að það er kalt úr norðri,“ segir Einar. ■

Jólin koma á svellinu



Miðbær Reykjavíkur er að taka á sig jólamynd og þrátt fyrir snjóleysi og almennt bliðið er hægt að fara á skauta í miðbænum. Á Ingólfstorgi er fin aðstaða fyrir alla, konur og kalla og börn til að leika sér. Þegar Fréttablaðið bar að garði í gær var gleðin við völd þó sumir væru aumir í afturendanum eftir fall á harðan isinn. Þessir krakkar sýndu þó snilldartilþrif svo eftir var tekið og um var rætt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eldri borgarar púttu til skiptis

gar@frettabladid.is

BORGARNES Golfklúbbur Borgarness fær 1,5 milljóna króna styrk frá Borgarbyggð vegna lokunar á byggingu í Brákarey þar sem klúbburinn hafði aðstöðu.

Að sögn golfklúbbsins nam beinn kostnaður við nýja aðstöðu í Hjalmarkletti 1,2 milljónum króna. Tekjutap vegna þess að ekki hafi verið hægt að selja í golfhermi sé 1.100 þúsund krónur.

„Tekjumöguleikar á golfhermi í þessari nýju aðstöðu eru að auki verulega skertir miðað við Eyjuna. Salurinn er of litill, lofthæð er of litill og aðgengi að rýminu er töluvert skert vegna þess að ekki hefur verið komið upp þeirri aðgangsstýringu sem lofað var,“ segir í styrkbeiðni golfklúbbsins. Aætlað tekjutap vegna púttastöðu sé 900 þúsund krónur.



Púttarar þurfa að skipta sér í tvo hópa og púttu til skiptis.

„Má reikna með að aðsókn verði dræmari í púttmót í framtíðinni því rýmið er verulega minna en var í Eyjuni og því þurfa púttarar (eldri borgarar) að skipta sér í tvo hópa og púttu til skiptis,“ segir í styrkbeiðni.

Þá er nefndur kostnaður vegna leigu á nýjum stað sem klúbbum þykir skjóta skökku við. Engar aðrar íþróttir þurfi að gera slíkt. ■

Piltur með slæm brunasár eftir alvarlegt slys í Ásbyrgi

Unglingur í Norðurbíngi var fluttur með alvarleg brunasár á spítala í Svíþjóð. Foreldrar þakka stuðning. Hafa fengið aðstoð við að halda einu matvörubúð héraðsins opinni fyrir jólin.

bth@frettabladid.is

NORÐURÞING „Mig langar að koma þökkum á framfæri til allra sem senda okkur kveðjur og hlýja strauma,“ segir Ísak Sigurgeirsson, verslunarstjóri í Ásbyrgi.

Ísak er staddur í Svíþjóð ásamt eiginkonu sinni, Senee Sankla Noi, þar sem lækna veita fimmtán ára gömlum syni þeirra bestu fánlegu meðferð eftir alvarlegt slys fyrir rúmri viku.

Sonur þeirra, Sigurgeir, var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann eftir slys sem leiddi til þess að stór hluti líkama hans varð fyrir skaða. Þaðan var flogið í sjúkrahúsi á gjörgæsludeild til Uppsala í Svíþjóð. Ísak og Senee flugu út degi síðar og sjá fram á að dvelja með syni sínum á sjúkrahúsinu úti fram að áramótum.

Brunasár þekja um 40 prósent líkama Sigurgeirs. „En það má þakka skjótum viðbrögðum réttra aðila, sem komu drengnum undir læknishendur eins fljótt og verða mátti, að ekki fór verr,“ segir Ísak.

Drengnum hefur verið haldið sofandi fram að þessu vegna aðgerða. „Hann er í öndunarvél,“ segir Ísak en kveðst vongóður. Lungu og önnur líffæri Sigurgeirs sluppu sem er mikil blessun að sögn Ísaks.

„Hann á eftir að ná sér en þetta tekur allt sinn tíma.“

Eldri bróðir Sigurgeirs var staddur í Taílandi þegar slysið varð. Hann flýgur heim næstu daga til að líta eftir fjölskyldufyrirtækinu



Búðin Ásbyrgi hefur í áratugi verið rekin af Ísaki Sigurgeirssyni og Senee Sankla Noi. Þau hafa nú brýnni verkefnum að sinna. MYND/STEFÁN HELGI



Hann á eftir að ná sér en þetta tekur allt sinn tíma.

Ísak Sigurgeirsson, verslunarmaður

„Ég dekkja þetta í bili og á svo von á syni hjónanna. Verð honum til stuðnings eins og þarf,“ segir Sigurður Reynir.

Hann segir mikinn samhug í héraðinu um að leggja fjölskyldu drengsins lið.

„Það leggjast allir á eitt þegar svona dynur yfir. Ég finn mjög mikinn stuðning við þau og legg vitaskuld sjálfur af mörkum eins og hægt er.“

Sóknarpresturinn á Skinnastað, Jón Ármann Gíslason, hefur hrundið af stað fjársöfnun, enda gríðarmikill kostnaður af meðhöndlun fyrir fjölskylduna sem og tekjutap.

„Þau geta ekki sinnt með hefðbundnum hætti rekstrinum næstu vikur og mánuði. Þess vegna vil ég að höfðu samráði við vini og velunnara fjölskyldunnar minna á styrktarreiðningu prestakallsins,“ segir Jón Ármann í ákalli á samfélagsmiðlum. ■

Ásbyrgi sem Ísak og Senee hafa rekið áratugum saman.

Sigurður Reynir Tryggvason bíl stjóri hljóp í skarðið í fjarveru eigenda búðarinnar og hafði ráðgert að búðin, sem er eina matvörubúð svæðisins, yrði opin milli klukkan 14 og 17 þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gærmorgun.

S3
STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA

JÓLAFJÖR

MEÐ SÖLKU SÓL

► 4. DESEMBER ► KL. 14.00 ► SILFURBERG



NÝR TOYOTA COROLLA CROSS HYBRID

ALLT Í CROSS ÍSLAND, FJÖLSKYLDAN OG MEST SELDI BÍLL Í HEIMI

Nýr **Toyota Corolla Cross Hybrid** er hærri og stærri útgáfa af Toyota Corolla sem var mest seldi bíll í heimi árið 2021.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum og prófaðu þennan snilling.



Verð frá 6.590.000 kr. KINTO ONE langtímaleiga
Verð frá: 137.000 kr. á mán.

TOYOTA – MEST SELDA
BÍLFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Kænugarður kallar fram blendnar tilfinningar

ragnarjon@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL „Ég viðurkenni að þetta var ansi stór dagur. Að hitta Zelenskíj og fá beint frá honum hans mat og að eiga við hann óformlegt og yfirvegað samtal sem einnig var vinallegt þrátt fyrir að vera um mjög alvarlega hluti,“ segir Þórdís K. Reyk­fjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra en hún er nú Kænugarði í sameiginlegri heimsókn utanríkisráðuneyta Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna. „Það er gott að finna að hann eins

og aðrir sem ég hef hitt frá úkraínskum stjórnvöldum er meðvitaður um hvað við erum að gera og þakkar fyrir það en segir líka alveg skýrt hvað það er sem þarf,“ segir Þórdís um samtalið við forseta Úkraínu.

Þórdís segir það ljúfsára reynslu að sjá aðstæður í landinu.

„Við komum eftir langt ferðalag í morgun og fyrir mér var töluverð upplifun bæði að sjá að borgin beri þess merki að það sé stríð en hún ber það einnig með sér að fólk er að reyna að lifa eðlilegu lífi,“ segir hún.



Þórdís K. Reyk­fjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra átti að hennar sögn óformlegt, yfirvegað og vinallegt samtal við Volodímír Zelenskíj, forseta Úkraínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

„Ég er að koma til Kænugarðs í fyrsta skipti og það er jölalegt herna. Það er snjór og það er kalt. Þannig koma fram mjög blendnar tilfinningar og ef ég á að vera alveg heiðarleg þá var þetta dálítið ljúfsárt,“ segir Þórdís en fyrir henni er hlutverk Íslands í stríðinu skýrt. „Það er að standa með Úkraínumönnum eins lengi og þurfa þykir. Leita allra leiða til að gera gagn og hlusta eftir því sem þau eru að kalla eftir. Það er ekki alltaf nóg að gera sitt besta, stundum þarf að gera það sem er krafist.“ ■



Matvara hefur hækkað mikið síðustu tólf mánuði.

Skiptar skoðanir um verðbólgu

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Hagstofan birtir í dag vísitölu neysluverðs. Landsbankinn spár því að hún hækki um 0,27 prósent milli mánaða og að ársverðbólgan lækki úr 9,4 prósentum í 9,3 prósent.

Í síðustu viku spáði Íslandsbanki því að verðbólga færi lakkandi.

Veritabus er á öðru máli og telur verðbólguna hækka um 0,56 prósent milli mánaða þannig að ársverðbólgan hækki úr 9,4 prósentum í 9,8 prósent.

Veritabus telur talsverðar erlendar hækkanir enn vera í pípunum, auk þess sem nokkur innlend verðbólga sé til staðar.

Samkvæmt spá Veritabus hækkar matur og drykkjarvörur um 1,4 prósent milli mánaða og hefur hækkingunin síðustu 12 mánuði þá numið 10,9 prósentum. Búist er við 0,7 prósentu hækkingu húsnæðis­kostnaðar, sem þá hefur hækkað um 14,7 prósent síðasta árið. Ferðir og flutningar hækka lítilliga en hafa hækkað um 11,7 prósent síðustu 12 mánuði.

Þeir liðir sem hafa drifið verðbólguna síðustu 12 mánuði eru matvara, húsnæði og eldsneyti. Að mati Veritabus heldur húsnæðismarkaður áfram að róast.

Veritabus notar eigin verðkannanir og opinber gögn við mat á verðbólgu. ■

Líkan notað til að stilla orkuskiptin af

Orkustofnun hefur búið til nýtt líkan til að spá fyrir um og stilla af orkuskiptin. Þau eru komin vel af stað á vegum landsins en meiri óvissa er í lofti og á legi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Orkustofnun afhjúpar í dag nýtt orkuskiptalíkan. Í líkaninu verður hægt að móta áætlanagerð, svo sem hvað varðar markmið í loftslagsmálum, út frá stillanlegum forsendum.

„Þetta er hugsað sem töl fyrir þá sem taka lykíllakvarðanir. Hvort sem það er í atvinnulífinu eða hjá stjórnvöldum,“ segir Sigurður Ingi Friðleifsson, sviðsstjóri loftslagsmála, orkuskipta og nýsköpunar hjá Orkustofnun. Líkanið verður hins vegar einnig opið almenningi og hægt verður að setja alls konar útreikning inn í það.

„Með þessu getum við séð hversu hratt hlutirnir þurfa að gerast til að árangur náist,“ segir Sigurður og bendir á að allar ákvarðanir þarfa að taka tímanlega til þess að loftslagsmarkmið fyrir árin 2030 og 2040 náist. „Þú reddar ekki orkuskiptum korter í 2030,“ segir hann.

Líkanið er ný nálgun að gerð orkuspár en Orkustofnun hefur hingað til gert eldsneytisspár, raforkuspár og jarðvarmaspár. Nú er verið að taka þessa vinnu upp á næsta stig með gagnvirkri nálgun. Sigurður segir þetta mikilvægt í ljósi þess að orkugjöfum sé sífelld að fjölga.

Sigurður segir að það hafi aldrei verið eins flókið að gera spár og í dag. En að sama skapi hafa tækifærin til að hafa áhrif og stýra notkuninni aldrei verið meiri.

Mestar tækniframfarirnar og hagkvæmnin birtist í samgöngu­hlutanum. Inni í líkaninu eru vega-



Ef kraftur næst í orkuskiptin fyrir árið 2030 ætti næsti áratugur að vera markaðslegt útfösunartímabil.

FRÉTTABLAÐIÐ/
PJETUR

Skipin eru kannski áratug á eftir vega­samgöngum.



Sigurður Ingi Friðleifsson, sviðsstjóri hjá Orkustofnun

­samgöngur og skipaflotinn. En í aðgerðaáætlun stjórnvalda er gert ráð fyrir 21 prósentu samdrætti losunar í vegasamgöngum og 42 prósentum frá skipum árið 2030. Líkanið sýnir hins vegar að við eigum nokkuð í land með þetta.

„Orkuskiptin ganga vel en þau ganga ekki nógu hratt miðað við skuldbindingar okkar,“ segir Sigurður en vill alls ekki útiloka að þetta náist, að minnsta kosti að stærstum hluta. Efast hann um að 100 prósent orkuskipti geti nokkurn tímann náðst því alltaf verði einhverjar leifar. Markmiðið er hins vegar að landið verði óháð jarðefnaeldsneyti árið 2040 og að innlend orka verði allsráðandi í innanlandsnotkun.

„Við erum byrjuð og það er alltaf erfiðast að byrja,“ segir hann og býst við að fram að árinu 2030 verði orkuskiptin keyrð áfram af enn meiri krafti og innviðir fyrir þau byggðir upp. Ef það tekst ætti tíma-

bilið eftir það, frá 2030 til 2040, að vera útfösunartímabil á markaðs­legum forsendum. „Það ætti að gerast býsna hratt og auðveldlega,“ segir hann.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í lok október eru smábátasjómenn ekki vongóðir um orkuskipti í strandveiðum í bráð, þrátt fyrir ívilnanir stjórnvalda. Kostnaðurinn er allt of hár.

Sigurður segir tæknilega óvissu meiri í orkuskiptum skipa en bíla. „Skipin eru kannski áratug á eftir vegasamgöngum. En það er margt sem bendir til þess að þau renni inn í svipað mót þegar líður fram,“ segir hann.

Flugið sé hins vegar flóknara mál. Alþjóðasamningar séu í gildi sem flugfélögin eru bundin af. Þegar kemur að flugi séu stjórnvöld hér ekki 100 prósent við stjórnvöllinn eins og til dæmis í vegasamgöngum. ■

RAFMAGNAÐUR OG VATNSHELDUR

Farðu yfir ár og vötn af festu og öryggi með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid. Rafmagnaður kraftur hvert sem leið þín liggur.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÖÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

4xe
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS




BARA, SMÁSTUND!



„Allt í kringum mig veltust áhorfendur um af hlátri frá byrjun til enda“
N.H. Víðsjá

★★★★★
S.B.H. Mbl.

Upplifðu töfrana í Borgarleikhúsinu



Glíf
Bubbi Morthens
Söngleikur



Á eigin
vegum



Síðustu
dagar
Sæunnar

Fjöldi sýninga í desember



Borgarleikhúsið



Utanríkisráðherra Hvíta-Rússlands lést svíplega á laugardag.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ráðlagt að skipta um starfsfólk

ragnarjon@frettabladid.is

HVÍTA-RÚSSLAND Alexander Lúkasjenkó, forseta Hvíta-Rússlands, hefur verið ráðlagt af ráðgjöfum sínum að skipta um allt starfsfólk á heimili sínu ásamt öllum sem sjá um matvæli eða eru í lífvarðasveit hans eftir að Vladímír Makei, utanríkisráðherra landsins, lést skyndilega.

Ekki hefur verið staðfest að andlát hans hafi borið að með sak-

næmum hætti en fréttamiðlar í Hvíta-Rússlandi og Rússlandi telja að honum hafi verið byrjað eitur. Makei var einn af fáum meðlimum ríkisstjórnar Lúkasjenkós sem ekki var talinn vera undir áhrifum Rússa sem bendi til að andlát hans geti verið skilaboð til Lúkasjenkó um að halda hollustu við Vladímír Pútín Rússlandsforseta.

Ekki hefur fengist staðfest með hvaða hætti Makei lést en hann lést skyndilega á laugardag. ■



Mótmælt hefur verið í mörgum borgum í Kína undanfarið en hér má sjá mótmælendur sem komu saman í Beijing.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Kínverjar handtóku blaðamann BBC

ragnarjon@frettabladid.is

KÍNA Kínverska lögreglan handtók blaðamanninn Ed Lawrence sem var á vegum BBC á mótmælum sem fram fóru í Sjanghai á sunnudaginn, þar sem almenningur mótmælti hörðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna faraldurs Covid-19.

BBC hefur harðlega gagnrýnt framgöngu lögreglunnar en að sögn BBC voru fréttamanninum veittir áverkar og honum haldið á lögreglustöð fyrir það eitt að fylg-

ast með mótmælunum og segja af þeim fréttir.

„Honum var haldið í marga klukkutíma og hann var beittur ofbeldi á meðan hann var í haldi,“ sagði talsmaður BBC. „Þetta gerðist allt saman á meðan hann var að störfum sem alþjóðlegur blaðamaður.“

James Cleverly, ritari utanríkisráðuneytis Bretlands, sagði að málið væri „afar sláandi. Fjölmíðla-frelsi og frelsi til mótmæla verður að virða. Ekkert land er undanskilið þeim reglum,“ sagði hann. ■



Mótmæli hafa verið að undanfögnu víða um Kína, meðal annars í fimm af stærstu borgum landsins. Enginn íslenskur kínverskunemi við Háskóla Íslands fór til Kína þetta árið.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Íslenskir kínverskunemar skoða að fara til Taívan

Breyting gæti orðið á skiptinámi íslenskra kínverskunema ef mótmæli á meginlandi Kína haldast óbreytt. Aðsókn í kínversk fræði við Háskóla Íslands hefur dregist saman undanfarin ár og er mögulegt að námsmenn skoði aðra möguleika.

helgisteinar@frettabladid.is

MENNTUN Fjölmenn mótmæli hafa staðið yfir víðs vegar í Kína síðustu daga og hafa þau ekki verið jafn útbreidd í landinu í meira en þrjá áratugi. Mótmælin fara nú fram í að minnsta kosti sex kínverskum stórborgum og hafa sumir kallað eftir afsögn Xi Jinping forseta.

Geir Sigurðsson, prófessor í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands, segir að aðsóknin í kínverskunám hafi dregist saman á undanförunum árum og grunar hann að stjórnarstefna Xi Jinping hafi orðið til þess að Kína sé ekki eins aðlaðandi land og það var áður.

„Ef það verður einhver útbreiðsla á þessum mótmælum þá hugsar fólk sig náttúrliga tvisvar um áður en það fer.“

Ég gæti líka myndað mér að þeir sem fara út myndu síður vilja fara í þessar stórborgir eins og Peking og Sjanghai og færur frekar í minni héraðsborgir. Svo eru örugglega

fleiri sem vilja bara fara til Taívan,“ segir Geir.

Hann bætir við að stjórnvöld hafi lýst því yfir að aflétta ætti sóttvarnaaðgerðum 11. nóvember síðastliðinn í tuttugu skrefum en svo hafi ekkert orðið úr því. „Það eru svo margir óvissuþættir sem við þurfum að glíma við núna.“

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós var stofnuð árið 2008 og hefur síðan þá boðið upp á nám í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands. Tilgangur stofnunarinnar er fyrst og fremst kínverskukennsla og stuðlar hún einnig að fræðslu um tungu, menningu og samfélag í Kína.

Námið felur í sér ársdvöl í Kína áður en nemendur ljúka þriggja ára BA-námi í kínverskum fræðum. Eftir að Covid-19 skall á var sá möguleiki ekki lengur til staðar en nú í haust byrjuðu kínversk yfirvöld að hleypa námsmönnum aftur inn í landið. Þrátt fyrir það fór enginn íslenskur kínverskunemi til Kína þetta árið.

Magnús Björnsson, forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa, tekur í sama streng og segir að óvissan og svikin loford eigi stóran þátt í því að mótmælin hafi komið svona skyndilega. Almenn-ingur í Kína hafi gert sér ákveðnar væntingar um að stjórnvöld myndu aflétta sóttvarnareglum eftir flokksþing kommúnistaflokksins



Ef það verður einhver útbreiðsla á þessum mótmælum þá hugsar fólk sig náttúrliga tvisvar um áður en það fer.



Geir Sigurðsson, prófessor í kínverskum fræðum

en það var ekki gert og sér fólk nú ekki fram á neinn endi.

Íslenskir námsmenn í kínverskum fræðum geta nú sótt um skiptinámsdvöl í Kína fyrir næsta skólaár en spurningin er hvert ferðinni verður heitið.

„Þeir nemendur sem vilja vera í kínversku tungumálaumhverfi getu valið Taívan. En flestir vilja náttúrliga fara til meginlandsins. En ef það verður engin breyting á þessari „núll-stefnu“ stjórnvalda þá gæti það breytt ferðaáætluðum námsmanna,“ segir Magnús. ■

NÁMSKEIÐ Í TREFJAPLASTSMÍÐI



Fjölbautaskóli Norðurlands býður upp á námskeið í trefjaplastsmíði á vorönn 2023 í samvinnu við Iðuna, Samtök iðnaðarins og Samgöngustofu. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti að námskeiði loknu unnið sjálfstætt að smíði og viðgerðum á skipum eða öðrum mannvirkjum sem smíðuð eru úr trefjaplasti. Þeir sem hafa lokið slíku námskeiði, hafa sótt nám í grunnteikningu og sem geta lagt fram staðfestingu um fullnægjandi starfstíma við trefjaplastsmíði eiga rétt á að fá viðurkenningu Samgöngustofu sem plastbátasmíður.

Bóklegi hluti námsins fer fram í gegnum fjarfundabúnað en verklegi hlutinn fer fram í eina viku í Reykjavík.

Umsækjendur skulu hafa náð 25 ára aldri og hafa a.m.k. 12 mánaða reynslu af smíði úr trefjaplasti. Nánari upplýsingar er að finna á www.fnv.is og fésbókarsíðu skólans <https://www.facebook.com/FNV01>

Námskeiðsgjald er kr. 215.000.-

Umsóknarfrestur er til 15. desember 2023. Nánari upplýsingar veitir Þorkell V. Þorsteinsson, aðstoðarskólameistari í síma 455-8000 og á netfanginu keli@fnv.is

Fjölbautaskóli Norðurlands vestra - 550 Sauðárkróki - Sæmundarhlíð - Sími: 455 8000 - fnv.is - fnv@fnv.is


Skotmaður sakfelldur fyrir hryðjuverk

ragnarjon@frettabladid.is

BANDARÍKIN Hryðjuverkamaðurinn Payton Gendron játaði í dag að hafa orðið tíu manns að bana í Buffalo í New York-fylki fyrr á þessu ári. Árásir Gendron voru byggðar á kynþáttahatri en öll fórnarlömb hans voru dökk á hörund.

Gendron sem er 19 ára mun að öllum líkindum eyða ævinni í fangelsi eftir að hann játaði verknadinn á sig en hann er fyrsti einstaklingurinn í New York-fylki sem sakfelldur er fyrir hryðjuverk innanlands samkvæmt nýrri lög-gjöf sem tók gildi árið 2020 og er refsing fyrir slíkt lífstíðarfangelsi án reynslulausnar.

John Flynn sem var saksóknari málsins sagði við blaðamenn að Gendron hefði játað sekt sín í öllum liðum, þar á meðal þeim tíu morðum sem hann framdi ásamt þremur morðtilraunum.



Payton Gendron er aðeins 19 ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Þrátt fyrir að réttlætinu hafi verið framfylgt, þá mun ekkert endurverkja þá tíu einstaklinga sem létu lífið þennan dag,“ sagði Flynn við blaðamenn eftir dómsuppkvaðninguna. „Vonandi mun þetta veita fjölskyldum þeirra og öðrum fórnarlömbum einhvers konar létti.“ ■



Gjafakort í Bæjarbíó er góð gjöf

— Öllum gjafabréfum 15.000 kr og hærri fylgja 2 frídrykkir —

— Gerum tilboð í stærri fyrirtækja pantanir á gjafakort@bbio.is —

— Allar nánari upplýsingar í síma 665-0901 —



Í HJARTA HAFNARFJARÐAR

Algjört flopp



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

COP27 sem nýlega lauk í Egyptalandi hefur nú fengið viðurnefnið Flop27. Þrátt fyrir að náðst hafi samkomulag um nýjan loftslags-sjóð þar sem efnuðu löndin leggja í sjóð fyrir þau fátækari til að mæta loftslagsvánni þá tókst ekki að ná samkomulagi um að draga þurfi hraðar úr olíunotkun. Peningalegir hagsmunir voru teknir fram yfir lifandi fólk.

Samt vitum við ósköp vel hvert stefnir. Á einum afskekktasta stað í heiminum rekur bandaríska veðurfræðistofan NOAA daglegar rannsóknir á magni koltvísýrings í andrúmsloftinu. Þetta er eldfjallaeyjan Mauna Loa sem er hluti af Hawaii-eyjaklasanum. Mauna Loa komst óvænt í heimsfréttirnar í gær vegna þess að þar byrjaði stærsta eldfjall í heimi gjósa, en síðasta gaus þar árið 1984.

Samfelldar mælingar hafa farið fram á Mauna Loa-eyjunni í 64 ár. Þær sýna að koltvísýringur í andrúmsloftinu vext stöðugt, sem þýðir að gróðurhúsaáhrifin aukast, með aukinni hlýnun og náttúrulegri hringrás hlutanna. Veðurkerfi raskast, öfgar í veðurfari verða algengari og langvinnari með tilheyrandi þurrkum, flóðum, bráðnun íss og sjávarstaða hækkar. Hitabylgjur verða tíðari sem og gróðureldar, fellibyljir, súrnun sjávar eykst, dýrategundum fækkar og svo má halda áfram að telja. Hæsta CO₂-gildi sögunnar mældist á Mauna Loa í maí 2021, hvort sem miðað er við núverandi mælingar eða mælingar á ískjörnum sem ná hundruð þúsunda eða milljónir ára aftur í tímann.

Margir telja að þegar saga loftslagsmála verður skrifuð, verði 27. leiddtogafundi Sameinuðu þjóðanna, COP27, eða Flop27 eins og gárungar segja, minnst fyrir þær sakir að á þeim fundi misstu jarðarbúar af síðasta tækifærinu til að halda hlýnun á hitastigi jarðar undir 2 gráðum en leitast við að halda henni undir 1,5 gráðum eins og markmiðið var með Parísarsáttmálanum árið 2015.

Það sjá því allir hvert stefnir og við vitum ekki hvað framtíðin á sífellt hlýnandi jörð ber í skauti sér. Það mun að öllum líkindum þýða meiri hamfarir og mannlega þjáningu, en það er enn von og tækniframfarir til að draga úr losun og sjálfbær orka eru í mikill sókn. En það kom greinilega fram á COP27 að stór gjá hefur myndast á milli þeirra sem framleiða jarðefnaeldsneyti, og vilja ekki missa spón úr aski sínum og komast upp með það, og þeirra sem draga úr loftslagsáhrifunum sem nú þegar valda milljónum manna þjáningum. ■

“
Peningalegir hagsmunir voru teknir fram yfir lifandi fólk.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Skyrtan sker sig úr

Ein elsta viðurkennda vísitala landsmanna er sá þríheili verðsamanburður á bók, brennivíni og skyrtu. En því var svo farið alla síðustu öld að á að giska sama verð var á þessu öllu saman, bókin kostaði það sama og brennivínsflaskan og bokkan sú arna það sama og heidarleg herraskyrta – og þannig var það bara. En nú er öldin önnur, að minnsta kosti hvað skyrtuna varðar. Hún hefur tekið hressilega fram úr bókinni og brennivíninu í verðlagningu, svo stappar nærri tvöföldun. Á meðan haldast góðkunningjarnar enn í hendur, brennivínið og bókin, verðmiðinn á hvoru tveggja er enn þá áþekkur, þótt áhrifin séu oft og tíðum ólík.

Bókamessan

Annars fór Bókamessa Félags íslenskra bókaútgefenda fram með pomp og prakt um síðustu helgi í Hörpu, sú fyrsta frá því 2019 – og mátti sjá á gestum og gangandi að þeir höfðu tekið bókagledina sína á ný eftir að hafa þurft að lesa skræðurnar sínar með samkomutakmörkunum svo misserum skipti. Og messan tókst með afbrigðum vel – og sýnir að enn þá situr stór hluti þjóðarinnar við skriftil og gott ef afgangurinn af henni gefur ekki út bækur, slíkur var fjöldi básanna á jarðhæð Hörpunnar um helgina. ■

Áfallamiðuð nálgun



Sigrún Sigurðardóttir
doktor í hjúkrunarfræði og dós-ent við Háskólann á Akureyri

Til að enda ofbeldi, þarf að koma í veg fyrir það.

Við verðum að leggja meiri áherslu á forvarnir, að fyrirbyggja að börnin detti í fossinn.

Áfall er ekki bara atburðurinn sem slíkur, einnig hvernig einstaklingurinn upplifir atburðinn og hvaða áhrif atburðurinn hefur á hann.

Allt ofbeldi getur valdið áfalli.

Áfallamiðuð nálgun byggir á að upplýsa einstaklinga og samfélag um útbreiðslu áfalla, afleiðingar og áhrif og að koma í veg fyrir að einstaklingar endurupplifi áföll.

ACE-rannsóknir eru stærstu rannsóknir í heiminum á tengslum áfalla í æsku við heilsufars- og félagsleg vandamál seinna í lífsleiðinni. Spurt er um ofbeldi í æsku með ACE-listanum.

Ein tegund af áfallaatburði er eitt ACE. Einstaklingur sem er með fjögur ACE eða fleiri, er 14 sinnum líklegri til að gera sjálfsvígtilraun og 11 sinnum líklegri til að fara í fíkniefnaneyslu. Það eru algengustu dánarsakir ungra karlanna á Íslandi.

ACE eykur einnig líkur á líkamlegum og geðrænum vandamálum seinna í lífsleiðinni.

Með áfallamiðaðri nálgun má nota ACE til að spyrja um ofbeldi á einfaldan hátt og bregðast við með viðeigandi úrræðum.

Til að koma í veg fyrir ofbeldi er mikilvægt að efla fræðslu um hvað ofbeldi er, bregðast við ofbeldi með því að aðstoða þolendur og gerendur.

Gerendur þurfa hjálp til að vinna úr sinni reynslu til að koma í veg fyrir endurtekin afbrot.

Að útiloka gerendur kemur ekki í veg fyrir ofbeldi. Við leysum ekki ofbeldi með ofbeldi.

Þeim sem beita ofbeldi liður sjaldnast vel og eru oft með áfallasögu. Þeir nota ofbeldi til að fá útrás fyrir vanlíðan eftir áföll, kunna kannski ekki aðra leið.

Við þurfum að spyrja: „Hvað kom fyrir þig?“ í stað: „Hvað er að þér?“

10. desember lýkur 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Þá verður rafrænt málþing í Háskólanum á Akureyri um áföll og ofbeldi. Upplýsingar á UNAK.IS. ■

Greinin er birt í tilefni 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi.

“
Gerendur þurfa hjálp til að vinna úr sinni reynslu til að koma í veg fyrir endurtekin afbrot.

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Plástur á bilað kerfi



Jóhann Páll Jóhannsson
Þingmaður Samfylkingarinnar, jafnaðarflokks Íslands

Velferðarþjófðfélag byggir á félagslegum réttindum, ekki á jölabónusum og glæðingum eftir geðþótta stjórnmalámana.

Þess vegna er umhugsunarvert að nú sé annað árið í röð deilt um sérstaka eingreiðslu á Alþingi til öryrkja og tekjulágs fólks sem reiðir sig á almannatryggingar.

Allir flokkar viðurkenna mikilvægi þess að eingreiðsla af þessu tagi sé veitt. Hins vegar er tekist á um hversu há hún þurfi að vera og hvort það sé bodelgt að lækka fjárhæðina um helming eins og ríkisstjórnin leggur til í sínum fjárlögum.

En hvað segir þessi umræða okkur um ástandið á almannatryggingakerfinu okkar og afkomu fólksins sem reiðir sig á það?

Kjaragliðnun og skerðingarfrumskógur

Krafan um eingreiðsluna var sett fram í fyrra og aftur nú vegna þess að almannatryggingakerfið á Íslandi stenst ekki þær kröfur sem við hljótum að gera í velferðarþjófðfélagi á 21. öld. Eða hvernig er hægt að réttlæta það að óskertur lífeyrir manneskju sem fær örorkumat 40 ára er aðeins rúmlega 300 þúsund krónur á mánuði fyrir skatt? Það er óverjandi og þetta vita þingmenn allra flokka.

Á meðan ríkisstjórnin stendur vörð um óbreytt örorkulífeyriskerfi með því að slá grundvallar-breytingum og kjarabótum fyrir öryrkja á frest þarf að plástur kerfið með eingreiðslum, þótt ekki væri nema til að friða samvisku fólksins sem heldur um valdataumana. Ef fólk með skerta starfsgetu hefði það nógu gott þá þyrfti enga eingreiðslu. Þannig felur eingreiðslan í sér viðurkenningu á því að kerfið er bilað.

Öryrkjar sitja fastir í skerðingarfrumskógi og kjör þeirra hafa dreg-

ist jafnt og þétt aftur úr kjörum á almennum vinnumarkaði þvert á ákvæði 69. gr. almannatryggingalaga um að ákvörðun þessara greiðslna skuli fylgja launþróun.

Kerfið bregst eftirlaunafólki

Tekjulægri eldri borgarar hafa líka fengið að kenna illa á þessari kjaragliðnun. Þriðjungur eftirlaunafólks er með lægri mánaðartekjur en nemur lágmarkstekjum á vinnumarkaði og þetta hlutfall hefur hækkað jafnt og þétt á vakt ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur.

Ójöfnuður meðal eldri borgara á Íslandi en meiri en meðal almennings almennt þegar þessu er ófugt farið víðast hvar í Evrópu, meðal annars í nágrannalöndum okkar eins og Noregi, Danmörku og Finnlandi. Þá benda alþjóðlegar mælingar til þess að talsvert herra hlutfall eldra fólks á Íslandi eigi erfitt með að ná endum saman heldur en í nágrannaríkjum.

Skarpar tekjuskerðingar gagnvart eftirlaunafólki eru uppspretta gríðarlegrar óánægju. Almenna fritekju-markið sem tekur til lífeyrissjóðstekna er aðeins 25 þúsund krónur og allar lífeyrissjóðstekjur umfram þá fjárhæð koma til skerðingar á greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins. Nú er miðgildi lífeyrissjóðstekna hjá eldri konum 150 þúsund krónur á mánuði. Afslíkuð lífeyrisréttindum situr aðeins þriðjungur eftir í hverjum mánuði sem auknar ráðstöfunartekjur en 100 þúsund krónur renna til ríkisins vegna skatta og skerðinga. Jaðarskattbyrðin af þessum viðbótartekjum sem koma til vegna sjóðasöfnunar er þannig 67 prósent. Þessi ofurskattlagning stríðir gegn réttlætiskennd fólks og grefur undan sátt og samstöðu um almannatryggingakerfið.

Eftirlaunafólk situr þannig fast í skerðingarkerfi sem er gjörólíkt því sem þekktist í velferðarríkjum sem við erum vön að bera okkur saman við. Þannig bregst almannatryggingakerfið ekki aðeins öryrkjum heldur líka stórum hluta eldra fólks, bæði vegna þess að greiðslurnar eru of lágar og vegna þess að skerðingar bita alltof neðarlega í tekjustiganum.



En hvað segir þessi umræða okkur um ástandið á almannatryggingakerfinu okkar og afkomu fólksins sem reiðir sig á það?

3.500 kr. í mínus

Æ fleiri öryrkjar reiða sig á matargjafir og leita til umboðsmanns skuldara vegna fjárhagsvanda, og skyldi engan undra þegar óskertur örorkulífeyrir er tugþúsundum lægri en lágmarkslaun í landinu. Samkvæmt gögnum frá umboðsmanni er meðalgreiðslugeta þeirra öryrkja sem leita til stofnunarinnar minni en engin, 3.500 kr. í mínus eftir að greitt hefur verið fyrir mat, húsnæði og aðrar nauðsynjar. Verðbólgan bitnar nú sérstaklega fast á þessum hópi. Engu að síður vill fjármálaráðherra skerða eingreiðsluna sem verður veitt í desember um helming og réttlætir það með vísan til hækkunar greiðslna almannatrygginga síðasta sumar, hækkunar sem hefur nú þegar brunnið upp á verðbólguhálinu.

Við jafnaðarmenn á Alþingi munum gera það sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir þessa lækkan á eingreiðslunni og tryggja að fjárhæðin verði ekki aðeins óbreytt heldur haldi verðgildi sínu. En munum að svona á velferðarþjófðfélag ekki að virka. Það er skylda alþingismanna að standa vörð um félagsleg réttindi fólks og mannsæmandi framfærslu alla mánuði ársins og sameinast um gott almannatryggingakerfi sem við getum öll verið stolt af. Stjórnmalámennt sem þvælast fyrir þessu verkefni, biðja fátækt fólk náðarsamlegast að biða eftir réttlæti og neita því um nauðsynlegar kjarabætur með óljósum fyrirheitum um „heilendarendurskoðun“ einhvern tímann í fjárlægri framtíð, ættu að hugsa sinn gang. ■

Þetta þarf ekki að vera svona



Borgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

Umræðan við eldhúsbordid á flestum heimilum þessa daga snýst um hækkanandi verðlag og vexti. Það er gömul saga og ný.

Við borðið hjá sáttasemjara sitja svo fulltrúar launafólks og fyrirtækja og reyna að finna lausn á kjarasamningum við afar snúnar aðstæður. Skammtímasamningar er lausnarorðið.

Eins og svo oft áður verður ekki hjá því komist að leysa mál til bráðabirgða. Þó að við viðurkennum nauðsyn slíkra aðgerða megum við samt ekki gleyma þeim grundvallarviðfangsefnum, sem við blasa. Þótt lausn þeirra taki lengri tíma og kalli á framtíðarsýn.

Ég heyri til að mynda æ fleira forystufólk innan launþegahreyfingarinnar spyrja hvers vegna vaxtahækkanir þurfi að vera miklu meiri hér en erlendis til þess að hemja sama verðbólguþig.

Þróstur Ólafsson hagfræðingur skrifaði síðastliðinn laugardag



Sagan kennir okkur að mikilvægar kerfisbreytingar í þágu launafólks og atvinnulífs hafa aldrei náð fram að ganga nema þegar fólk úr ólíkum flokkum hefur tekið höndum saman.

athyglisverða grein í Kjarnann með þungum rökum fyrir kerfisbreytingu til að treysta félagslega og efnahagslega velgengni. Þar segir hann:

„Nú stendur þjóðin frammi fyrir miklum kerfisvanda. Við erum orðin samofin hagkerfum landa Evrópusambandsins eftir þrjátíu ára þátttöku og aðlögun að innri

markaði þess. Við höfum yfirtekið einstakar tilskipanir, jafnvel heilu lagabálkana og gert að íslenskum lögum. Íslensku atvinnulífi er því lífsnauðsynlegt að vera samkeppnishæft við erlenda keppinauta á þessum stóra markaði.“

Síðan segir hann: „Við verðum að lækka framfærslukostnað heimila. Þar er gjaldmiðillinn orðinn miðlægur. Hann skiptir orðið höfuðmáli sem sterkur rammi utan um efnahagsstarfsemina. Meðan gjaldmiðillinn leikur á reidiskjálf mun kaupmáttur kjarasamninga verða tilgátan ein.“ Niðurstaða þratar er þessi: „Aðild að ESB og þátttaka í sameiginlegum gjaldmiðli er því forsenda vaxandi velmegunar og félagslegrar velgengni. Þetta er ekki lengur einskær pólitískur ásetningur.“

Sagan kennir okkur að mikilvægar kerfisbreytingar í þágu launafólks og atvinnulífs hafa aldrei náð fram að ganga nema þegar fólk úr ólíkum flokkum hefur tekið höndum saman. Einmitt þess vegna finnst mér þessi vel rökstuddu skilaboð þratar Ólafssonar eigi erindi inn í umræðu dagsins við eldhúsbordin.

Við þurfum samstöðu um framtíðarsýn. Og kjark til þess að tala fyrir henni. Því þetta þarf ekki að vera svona. ■

JS WATCH CO. REYKJAVÍK KYNNA

JETHRO TULL

The Prog Years



MISSTU EKKI AF
EINSTAKRI KVÖLDSTUND
Í ELDBORGARSAL HÖRPU
4. MAÍ

SÍÐAST SELDIST UPP Á 15 MÍNÚTUM!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
OG MIÐASALAN HEFST Á
HARPA.IS OG TIX.IS
1. DESEMBER KL. 12.

TÓNLISTARVEISLA SEM
ENGINN ÆTTI AÐ MISSA AF!



JS Watch co. GILBERT
REYKJAVÍK ÚRSMÍÐUR

Merkisatburðir

1314 Loðvík 10. verður konungur Frakklands.

1930 Kommúnistaflokkur Íslands er stofnaður eftir klofning úr Alþýðuflokknum.

1965 Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, fæðist.

1986 Cary Grant, enskur leikari, lætur lífið.

1987 Félagið Ísland-Palestína er stofnað.

1991 Kvikmyndahúsakeðja Árna Samúelssonar tekur upp nafnið Sambíóin.

2017 Stríðsglæpamaðurinn Slobodan Praljak lætur lífið eftir að hafa drukkið flösku af eitri þegar hann beið dóms Alþjóðlega stríðsglæpadómstólins fyrir fyrrum Júgóslavíu.

2021 Magdalena Andersson er kjörin forsætisráðherra Svíþjóðar fyrst kvenna.



Það er svo gott að spjalla í svona göngutúrum og gaman að kynnst fólki með sömu áhugamál, segir Hrönn sem kynntist Karen og Sóleyju á fjöllum uppi fyrir tilviljun, en þær hafa verið nánar vinkonur síðan og skipuleggja alls konar útivistarferðir. MYND/ADSEND



Erla Vigdís Karlsdóttir

áður til heimilis að Hæðargarði 29,

lést þann 14. nóvember á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Aðstandendur



Elsku hjartans Dady mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **Katrín Margrét Ólafsdóttir**

Kristnibraut 7,

andaðist 18. nóvember.

Hún verður jarðsungen frá Guðriðarkirkju föstudaginn 2. desember kl. 15.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Parkinsonsamtökin. Þökkum af einlægni starfsfólki Grundar fyrir hlýja og góða umönnun.

Matthias Matthiasson

Gréta Matthíasdóttir

Matthias Matthiasson

Guðriður Matthíasdóttir

Gunnar Gunnarsson

Helen Neely

Sigurður Einar Sigurðsson

barnabörn og langömmubörn

ser@frettabladid.is

Stöllurnar Hrönn Marinósdóttir, Karen Þorólfsdóttir og Sóley Elíasdóttir reka nú saman lítið fyrirtæki sem nefnist sælar.is og er það helgað hreyfingu og útivist. Og þessa dagana eru þær að skipuleggja adventugöngu á Úlfarsfell í næstu viku.

„Markmiðið er að hvetja aðra til að hreyfa sig því það eykur gleðina svo mikið, og kynnst fleirum með sömu áhugamál,“ segir Hrönn í samtali við blaðið og minnir á hvað náttúran á auðvelt með að tengja fólk saman.

Það besta í fari hvers og eins, frískandi útiveran færir mann út fyrir þægindarammann – og það er því að þakka við náðum saman fyrir þessa algjöru tilviljun,“ segir Hrönn.

Eftirleikurinn hefur verið ævintýri líkastur, oftast á fjöllum, og Hrönn segist tala fyrir hönd þeirra þriggja þegar hún hvetur kynsystur sínar – og karla auðvitað líka – til að drífa sig út og eignast jafnvel nýja vini til frambúðar.

„Í okkar tilviki smullum við saman þegar við skráðum okkur í Landvætta-þrógramm hjá Ferðafélagi Íslands fyrir nokkrum árum og líf okkar breyttist mikið í kjölfarið. Við fórum í kjölfarið að æfa reglulega og skrá okkur á alls kyns íþróttamót og fara langt út fyrir þægindarammann og líka með alls kyns útivistarferðum, meðal annars með hjónunum Brynhildi Ólafsdóttur og Róberti Marshall.“

Gott að spjalla saman

„Það er svo gott að spjalla í svona göngutúrum og gaman að kynnst fólki með sömu áhugamál,“ segir Hrönn enn fremur – og rifjar upp þegar vinkonurnar hittust fyrst. „Það er svo merkilegt hvað náttúran nær að laða fram

Sjálfsstraustið eykst

Hún er ekki frá því að sjálfsstraustið hafi aukist mikið við að uppgötva leynda hæfileika á íþróttasviðinu fyrir utan hvað það er gott að halda sér í líkamlega góðu formi, en andleg heilsa fylgi



Reyndar finnst okkur við stundum vera eins og unglingar en ekki konur á virðulegum aldri þegar við erum að sprikla.

Hrönn Marinósdóttir

með í kaupbæti. „Reyndar finnst okkur við stundum vera eins og unglingar en ekki konur á virðulegum aldri þegar við erum að sprikla.“

Og svo er komið að næsta kúrs. Þann 10. desember næstkomandi ætla Sælar að standa fyrir adventugöngu um Úlfarsfellið.

„Við erum búnar að standa fyrir göngum og hjólaferðum við og við frá því í fyrra, og bjóðum öllum að taka þátt með okkur. Málið er að maður verður svo glaður af því að hreyfa sig, við viljum því fá sem flesta með okkur. Móttíð okkar er aldrei hætta að hreyfa sig,“ segir Hrönn. ■

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Elin Magnúsdóttir

Lindargötu 57,

er látin.

Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.



Kristin Sigurðardóttir

Elís Rúnarsson

Stefán Elís, Arna Rut, Móey Marta, Flóki Freyr, Bára Sóley

Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Katrín Erla G. Gunnarsdóttir

Katrín Erla G. Gunnarsdóttir



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Áslaugur Ingiberg Jeremiásson

Hlíðarvegi 9, Grundarfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi 24. nóvember. Útförin mun fara fram í kyrrþey með nánustu fjölskyldu.



Unnur Magnúsdóttir

Magnús Karlsson

Guðni Áslaugsson

Steinar Áslaugsson

Svavar Áslaugsson

Lesley Bourke

Lilja Briet Björnsdóttir

Una Ýr Jörundsóttir

Ragnheiður Dröfn Benidiktssdóttir

barnabörn og barnabarnabörn



Yndislega eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ásta Björk Friðbertsdóttir

frá Botni, Súgandafirði,

lést á Landspítalanum 12. nóvember.

Útför fer fram í Guðriðarkirkju

miðvikudaginn 30. nóvember kl. 13.00.

Minningarathöfn verður haldin í Ísafjarðarkirkju

laugardaginn 3. desember kl. 12.00.



Kjartan Þór Kjartansson

Ægir Kjartansson

Sandra Kjartansdóttir

Halldór Karl Þórisson

og barnabörn



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Áslaug Bernhöft

lést á Hrafnistu við Sléttuveg

föstudaginn 18. nóvember.

Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju

fimmtudaginn 1. desember klukkan 13.



Ólafur Þór Jónsson

Þórey Björk Þorsteinsdóttir

Þórður Jónsson

barnabörn og barnabarnabörn



Katrín krónprinsessa af Wales.

Katrín í jólaskapi

thordisg@frettabladid.is

Katrín krónprinsessa af Wales hefur óskað eftir því við bresku þegnana að þeir leggi henni lið við val á jólasálmum sem sunginn verður í lok jólamessunnar í Westminster Abbey á aðfangadagskvöld.

Sjónvarpsþátturinn Good Morning Britain hefur sett af stað skoðanakönnun þar sem fólk er beðið um að velja á milli jólasálmanna Hark! The Herald Angels Sing, Joy to the World og O, Come, All Ye Faithful. Ekki er að spyrja að viðtökunum þar sem konungssinnar keppast við að setja inn ummæli. Einn sagði: „Ég held að drottningin hefði viljað O, Come, All Ye Faithful,“ á meðan annar skrifaði: „Ég á bág með að gera upp á milli sálma, en Hark, The Herald Angels Sing, með næstu línu: „Glory to the newborn king“, virðist víðeigandi þetta árið þegar Karl konungur tekur við af drottningunni.“

Þá er Kötú prinsessu þakkað fyrir að leggja valið í hendur þjóðinni og vera með því hluti af jólaguðsþjónustunni. Einn þeirra þakklátu skrifaði: „Hark, The Herald var í dálæti föður míns sem þjónaði sem lífvörður hjá fjölskyldunni ykkar sem hann unni.“

Þegar síðast var talið var O, Come, All Ye Faithful á toppnum og Joy to the World í öðru sæti, en við spyrjum að leikslökum. ■



Tanja Maren Kristinsdóttir, eigandi lífsstils- og vefverslunarinnar Myrkstore, fékk Stellu Birgisdóttur til að endurhanna og innrétta einstaklega fallegt hús í Sundunum sem byggt var árið 1946 eftir óskum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fagurfræðin nýtt með notagildi

Stella Birgisdóttir innanhússhönnuður endurhannaði og innréttaði í samráði við eigendur, Tönju Maren Kristinsdóttur og manninn hennar, eldhús, borðstofu og barnaherbergi í fallegu sérbyli þar sem fagurfræðin og notagildið var í fyrirrúmi. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Sjöfn
Þórðardóttir
sjöfn
@frettabladid.is



„Það er margt sem ber að hafa í huga þegar rými er hannað og innréttað, hvort sem það er verið er að gera upp gamalt eða innrétta í fyrsta skipti í nýju húsnæði. Við viljum nýta rýmið sem best og um leið hafa það fallegt fyrir augað og gera það að okkar,“ segir Stella.

Þegar að því kom að teikna og hanna eldhúsið fyrir Tönju, hvað var það sem skipti höfuðmáli í ferlinu?

„Það sem skipti höfuðmáli í hönnunarferlinu var að óskir og þarfir Tönju fengju að njóta sín.

Hönnunin á eldhúsinu var færð til nútímans með upprunalegum arkitektúr að leiðarljósi. Húsið var byggt árið 1946 og því passa fullingafrontar vel þegar gamalt hús er gert er upp. Viðarfrontarnir dökku gefa rýminu mikinn karakter á móti hlýlega parketinu.

Það fyrsta sem við tókum ákvörðun um var efnisval á parketinu, en þar sem það er hlýlegt var það svart eldhús sem heillaði mest og gaf tóninn.

Efniviður í eyjunni þarf að passa

Þegar kom að því að velja lit á eldhúsið var hugað að hlýleikanum á móti svarta litnum í innréttingunni. Liturinn á eldhúsinu er KC14-Pale Beach, sem fæst í Flügger.



Eldhústækin eru öll frá Miele og eru vönduð og stílhrein. Lýsingin skiptir miklu máli, en það þarf að vera möguleiki á því að hafa nota-lega birtu þegar það á við.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Handriðið var gert af þeim í Járnpriði, þeirra handverk nýtur sín vel og gefur borðstofunni fallegan blæ.

” Skipulagið var hannað í kringum eyjuna, sem myndi nýtast sem borð og vinnuaðstaða við matargerð.



Eldhúsið og borðstofan eru samtvinnuð og því er gaman að horfa úr eldhúsinu á fallega borðstofu-borðið og Hans Wegner stólana sem eru eins og hannaðir við borðið.



Barnaherbergið er notalegt og nýttist vel, fötin eru sjáanleg og rúm með himnasæng gefur herberginu hlýleika.



Smáhlutirnir í eldhúsinu gleðja augað. Takið eftir glasarekkanum fyrir ofan borðið. Skemmtileg lausn. Tanja er ekki með efri skápa.

vel við heildarmyndina með notagildi í huga.“

Tanja var með ákveðnar óskir um skipulag eyjunnar og fyrirkomulagið í eldhúsinu að sögn Stellu.

„Skipulagið var hannað í kringum eyjuna, en Tanja vildi hafa rúmgóða eyjuna sem myndi nýtast sem borð og vinnuaðstaða við matargerð. Óskalistinn var þannig settur upp að vaskurinn ætti að vera við gluggann svo hægt væri að njóta útsýnisins, búrskápur var æskilegur og eyjan átti að vera rúmgód, með góðu vinnuplássi,“



segir Stella og bætir við að með þessum skipulagi hafi nýting á eldhúsinu verið sú besta.

„Upprunalega hugsuðum við að hafa helluborðið á eyjunni, en þegar leið á hönnunarferlið sáum við að borðplássið á eyjunni myndi nýtast betur sem vinnupláss, sem helluborðið annars tæki,“ segir Tanja og er alsæl með útkomuna.

„Það skiptir fyrst og fremst máli að hugsa um eldhúsið sem vinnurými, þar sem allt þarf að vera aðgengilegt við daglega matargerð,“ segir Stella. Borðstofan og eldhúsið eru samtvinnuð og gefa



Hundarnir voru forvitnir og fylgdust vel með ljósmyndaranum.

rýminu fallega áferð. Falleg borðstofuhúsgögnin fanga augað og ljósið yfir borðstofunni er fremur nýstárlegt og er kallað veiðistöngin á heimilinu.

Barnaherbergið er fallegt og rómantískt. „Við vildum fyrst og fremst að barnaherbergið væri notalegt og myndi nýtast vel. Við leyfðum fötunum að vera sjáanleg enda á prinsinn mikili af fallegum fötum. Himnasængin settur svo punktin yfir i-íð yfir rúminu og gefur herberginu þennan hlýleika,“ segir Tanja og bætir við að hér líði fjölskyldunni einstaklega vel. ■

Fasteignakaup erlendis

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 29. nóvember 2022

Kynningar: Perla Investments, Spania ehf., Spánareignir, Bær.



Jóna Björk Guðjónsdóttir sölumaður, Kristín Skjaldardóttir, menntaður lögg. fasteignasali, Soffía Guðmundsdóttir viðskiptafræðingur, Auður Hansen, menntaður lögg. fasteignasali/þýðandi, Orri Ingvason framkvæmdastjóri, Birgir Hans Birgisson, lögg. fasteignasali á Spáni og alþjóðasamskiptafræðingur. Þau eru Íslendingum innan handar við allt er lýtur að fasteignakaupum á Spáni.

Fasteignapjónusta sem á engan sinn líka

Fasteignasalan Perla Investments er með skrifstofu á Spáni auk þess sem hún býður upp á einkakynningar á Íslandi. Fyrirtækið hefur veitt fasteignakaupendum persónulega sérsniðna þjónustu í yfir 22 ár og býður m.a. upp á skoðunarferðir vegna kaupa, aðstoð við fjármögnun og útleigujónustu, allt á íslensku með öryggið í fyrirrúmi. **2**



Perla býður einungis upp á eignir frá vönduðum byggingaraðilum sem standast hæstu gæðakröfur og tryggir viðskiptavinum sínum þannig meðal annars lægri rekstrarkostnað og meiri gæðastundir á Spáni.

MYNDR/ÁSENDAR



Fasteignasalan Perla býður kaupendum upp á skoðunarferðir til Spánar til að skoða fasteignir.

Fasteignasalan Perla Investments hefur starfað í yfir 20 ár og er aðalskrifstofa fyrirtækisins í Villamartin – Costa Blanca þar sem íslenskumælandi starfsfólk tekur ætíð vel á móti viðskiptavinum.

Stofnendur og eigendur Perla, þau Orri Ingvason og Auður Hansen, segja lykilinn að langlífi fyrirtækisins vera númer eitt, tvö og þrjú viðskiptavinirnir, eða „Perlu-fjölskyldan“ eins og þau kalla hinn sístækkandi hóp íslenskra kaupenda. Þau segja að starfsaldur Perlunnar, langlífustu íslensku fasteignasöluverja á Spáni, sé ánægðum viðskiptavinum að þakka – enda sé vel unnin vinna besta auglýsingin.

Eignir sem standast hæstu kröfur

„Eins höfum við alltaf haft það að leiðarljósi að bjóða einungis upp á eignir frá vönduðum byggingaraðilum sem standast hæstu gæðakröfur. Þannig tryggjum við viðskiptavinum okkar öryggi og hugarró þegar kemur að gæðum fasteigna þeirra sem skilar sér í lægri rekstrarkostnaði, minna viðhaldi í komandi framtíð og meiri tíma til að njóta lífsins hérna á Spáni.

Eftir yfir tvo áratugi má segja að það sé ekkert sem lýtur að fasteignasölu sem komi okkur á óvart – við erum öllum hnútum kunnug, með menntaða spænska og íslenska fasteignasala og þýðanda innandyrna, fullkomlega tvítyngt þrælmenntað flott starfsfólk og byggjum á reynslu sem gerir okkur kleift að aðstoða viðskiptavinum okkar við hvað eina sem lýtur að fasteignakaupum. Við segjumst oft bjóða upp á þjónustu frá A til O,“ segja þau hjón og hlæja, en það eru einmitt upphafsstafir í nöfnum þeirra Auðar og Orra.

„En sé öllu gríni sleppt þá erum við einmitt að byrja að bjóða upp á nýja þjónustu fyrir Íslendinga, en það er útleiga fasteigna. Það sem þessi nýja heimasíða, perlaholidays.com, hefur fram yfir aðrar leigumíðlanir á Spáni, er meðal annars gegnsæi og það að hægt er að bóka og greiða fyrir dvöl beint í gegnum síðuna. Með gegnsæi er átt við að eigendur fasteignanna fá sér „bak-aðgang“ að síðunni þar sem þeir geta séð hversu mikið eignin þeirra er leigð út, og þar geta þeir sjálfir fest þá daga sem þeir vilja dvelja í húsinu sínu.

Þannig getur hver og einn eigandi alltaf séð hvaða dagsetningar eru í útleigu, hvaða dagsetningar eru lausar og þær tekjur sem hann fær af sinni eign. Með þessu viljum við koma til móts við viðskiptavinum okkar sem hafa áhuga á að leigja eignir sínar út, þannig að þeir hafi ávallt milliliðalaus yfirsýn og fulla stjórn yfir útleigunni. Slíkt getur í mörgum tilfellum borgað allan rekstrarkostnað fasteignar og því verið mikil búbot, sé rétt að henni staðið.“

Öryggi viðskiptavina okkar er algjört forgangsmatið

„Önnur nýjung sem við höfum nýverið byrjað á er að bjóða upp á einkakynningar á fasteignum á Íslandi. En við vorum svo lánsöm að fá í raðir Perlunnar Beggu Kummer, viðskiptafræðing og innanhússtilista með meiru, sem býður upp á söluráðgjöf fyrir áhugasama kaupendur og aðstoðar við að finna hina fullkomnu eign á Spáni. Og fyrir þá kaupendur sem þegar hafa keypt býður Begga upp á þjónustu við að teikna rými nýja heimilisins í þrívídd svo auðveldara sé að átta sig á stærð húsgagna og uppröðun



Begga Kummer, viðskiptafræðingur og innanhússtilisti, er tengiliður Perlu á Íslandi og býður meðal annars upp á einkakynningar.

þeirra. Begga er glöggum lesendum ef til vill kunn úr núverandi auglýsingum Slippfélagsins og Parka þar sem hún aðstoðar einmitt við val gólfefna og fleira. Til að panta einkakynningu á Íslandi eða óska eftir frekari upplýsingum um fasteignir á Spáni er hægt að hafa beint samband við Beggu á netfanginu: begga@perlainvest.com eða í síma 695-9513.

Þó að við höfum sérhæft okkur í sölu nýbygginga hefur sala endursölueigna ávallt verið stór partur af okkar vinnu en í þeirri viðleitni að reyna ávallt að bæta þjónustu okkar höfum við ákveðið að gera endursölu enn herra undir höfði og auka jafnframt þjónustu okkar við seljendur eignanna. Þar má ekki síst nefna að inni í söluþóknun okkar bjóðum við nú upp á að sjá ekki einungis um allt sem lýtur að sölu eignarinnar, heldur aðstoðum við seljandann í framhaldinu við að fá endurgreiðslu frá spænskum yfirvöldum á þeim skatti sem hann hefur þurft að borga vegna eignar sinnar. En slíka þjónustu hafa seljendur víða þurft að borga sérstaklega fyrir hingað til.

Í stuttu máli má því segja að

Í fjölskyldufyrirtækinu Perlu hefur önnur kynslóð fasteignasala þegar hafið störf. Við erum alltaf á sama stað, það er alltaf hægt að ná í okkur og við erum síður en svo á förum.

Orri Ingvason

fasteignasalan Perla standi fremst meðal jafningja fyrir þær sakir að hún tekur sífældum breytingum með bættri þjónustu, og er því lengstan starfsaldur íslenskra fasteignasala á Spáni. Öryggi viðskiptavina okkar er forgangsmatið og við skiljum mikilvægi þess að þeir geti leitað til trausts aðila á sviði þar sem líftími margra fyrirtækja er því miður stuttur. Í fjölskyldufyrirtækinu Perlu hefur önnur kynslóð fasteignasala þegar hafið störf. Við erum alltaf á sama stað, það er alltaf hægt að ná í okkur og við erum síður en svo á förum,“ segir Orri, sem segist líta björtum augum til framtíðar og hlakkar til að aðstoða fleiri Íslendinga við að finna sér heimili í sólinni. ■

Hægt er að hafa samband við skrifstofuna á Spáni í síma 0034 96 676 5972 en þar er svarað á íslensku. Einnig er íslenskur sími 893 3911. Netfangið er info@perlainvest.com og er bæði á Facebook og Instagram. Skrifstofan er opin alla virka daga frá 10-17.

Umsagnir viðskiptavina

*“Kærar þakkir fyrir frábæra þjónustu. Það hefur verið okkur einstök ánægja að eiga viðskipti við ykkur”
- Heimir Björgvinsson*



Perla
Investments s.l
Since 2000

*“Við hjónin fórum í það ferli að eignast íbúð á Spáni.. Höfðum samband við Orra hjá fasteignasölnunni Perla Invest og eftir það var ekki aftur snúið. Þvílík fagmennska og gæði sem við okkur tók. Hjónin Orri og Auður eru fagfólk sem leiddu okkur í gegnum það ferli stig fyrir stig, þar sem við erum leikmenn hefðum við aldrei getað gert þetta ein og óstudd, varla talandi á spænsku. Berum við hjónin þeim bestu þakkir fyrir það. Einnig viljum við þakka syni þeirra Hans sem var alltaf til staðar í öllu ferlinu. Rísandi stjarna í fasteignasölu á Spáni.
- Ragnar Breiðfjörð og Margrét*

Við látum verkin tala!
WWW.PERLAINVEST.COM



(0034) 96 676 5972



INFO@PERLAINVEST.COM

FYLGDU OKKUR Á INSTAGRAM & FACEBOOK



PERLAINVEST



PERLAINVEST

Það færast sífellt í aukana að Íslendingar fjárfesti í fasteignum á Costa Blanca-ströndinni á Spáni. Fallegar baðstrendur, hlýtt loftslag, vinalegir heimamenn og fjöldi ferðamöguleika eru á meðal þess sem heillar landann.

„Masa International var stofnað árið 1981 af Svía einum sem hóf að selja eignir á Spáni til samlanda sinna. Það var í raun hann sem kom Torrevieja á kortið. Síðan þá hefur þetta þróast jafnt og þétt hjá fyrirtækinu sem er nú komið með umboð í flestum löndum um sölu á fasteignum á Costa Blanca-svæðinu á Spáni. Masa International hefur verið með umboðssölu á Íslandi í fjölda ára og árið 2001 tókum ég og samstarfsfolk mitt við keflinu,“ segir Jónas H. Jónasson, löggiltur fasteignasali.

Vinsælt svæði

Fasteignir á skrá Masa International skipta hundruðum og þar má finna eitt breiðasta úrval fasteigna á Spáni í dag. „Við bjóðum upp á frábært úrval af nýjum eignum, nýbyggingum og endursölu-eignum á skrá sem henta breiðum hópi kaupenda. Við erum með eignir til sölu við Costa Blanca-strandlengjuna, ýmist alveg við ströndina, inni í miðbæ eða til fjalla nærri fjölbreyttri úti-vist og golfvöllum.

Ástæðan fyrir því að Torrevieja og nágrenni er svona vinsæll áfangastaður á Spáni eru strendurnar, landslagið og veðursældin, en ekki síst reglulegar flugsamgöngur frá Íslandi til Alicante. Í samanagerði við Costa del Sol-strandlengjuna, sem er nokkuð sunnar, eru veðurbreytingar mildari vegna fjallgarðsins



Jónas H. Jónasson, löggiltur fasteignasali



Los Montesinos er fallegur smábær í um fimmtán mínútna akstursfjarlægð frá Torrevieja. Masa International býður upp á glæsilegar eignir á svæðinu sem eru steinsnar frá ströndinni og golfvöllum.

MYND/ADSEND

á bak við borgina sem hitar upp loftslagið. Því er minni hitamismunur á milli dags og nætur. Aðilar eru mikið að kaupa fasteignir á þessu svæði til að dvelja í yfir veturinn og leigja svo út á sumrin til íslenskra sólarýrkenda.

Dénia, rétt norðan við Benidorm, hefur einnig heillað landann upp á síðkastið með fallettu fjalllendi og landslagi. Pilar De la Horadata er annað gull-

fallett svæði sunnan við Torrevieja sem Íslendingar hafa fengið aukinn áhuga á,“ segir Jónas.

Árið 2018 breyttust byggingarreglugerðir á Spáni sem hefur aukið gæði húsa sem byggð eru eftir þann tíma. „Húsin eru nú almennt með mun betri einangrun en eldri byggingar sem takmarkar hita- og kuldatap. Þetta er ein ástæða fyrir því að verð eigna hefur hækkað undanfarið.“

Skoðunarferðir fyrir viðskiptavinum með gistingu og fullu fæði Masa International býður upp á 4–5 náttu skoðunarferðir þar sem gisting og matur er innifalinn.

„Þetta er besta leiðin til að kynna sér hvað er í boði. Tilvonandi kaupendur þurfa bara að hugsa um flugið og við sjáum um restina. Söluáðgjafi sækir gesti á völinn og saman er komist að niðurstöðu um hvernig eign hentar hverjum og einum. Fyrstu 2–3 dagarnir fara í að skoða eignir sem passa við það sem viðkomandi er að leitast eftir út frá verði og staðsetningu. Svo er haldinn fundur og þá er fólk oftast búið að sjá eitthvað sem það vill skoða aftur.“

Það borgar sig ávallt að fara í gegnum fasteignasölu Að kaupa eign erlendis getur þýtt

heilmikla pappírsvinnu við að sækja um fjármögnun, kennitölu, tilskilin leyfi og margt fleira. „Það getur verið flókið að fara í þetta allt sjálfur. Erlendis ríkja aðrar reglur og lög um ferlið en á Íslandi. Við höfum heyrt sögur um fólk sem hefur lent í vanda-málum með tryggingarfé vegna fjármögnunarviðræðna. Þetta eru um 10.000 evrur og þarf að leggja fram og ef tíminn rennur út eða fjármögnun næst ekki, getur fólk misst þennan pening.

Ég myndi alltaf mæla með því að fara í gegnum fasteignasölu sem þú getur auðveldlega átt samskipti við og treystir. Þá eru engar líkur á að svona gerist. Við sjáum um alla pappírsvinnu og allt ferlið í kjölfar þess að viðskiptavinur hefur tekið ákvörðun um kaup á eign. Hjá okkur fær viðskiptavinurinn sérstökum aðila úthlutað sem starfar sem tengill í gegnum allt ferlið og í nokkra mánuði eftir að viðkomandi fær húsið í sínar hendur.“

Masa International hefur unnið sér inn gríðarlegt traust á markaðnum en fyrirtækið starfar eingöngu með viðurkenndum verkþökum. Fasteignasalan hefur náð ISO 9001-gæðastaðli, sem er sá hæsti sem er í boði. „Það er vissulega erfitt að ná slíkum gæðastaðli, en enn þá erfiðara er að halda honum. Með því að leggja mikið upp úr eftirfylgni með kaupum og tryggja þannig ánægju viðskiptavina hefur Masa International náð að halda sér á toppnum,“ segir Jónas að lokum. ■

Kíktu á úrvalið af fasteignum á masainternational.is. Nánari upplýsingar í síma: 555-0366.



Dásamleg vetrardvöl í Torrevieja

Ekki öll sem eiga húseignir á Spáni geta sjálf nýtt þær allt árið og þá er einn möguleikinn að leigja þær út. Ágústa Sveinsdóttir og Örn Bragason dvöldu á Spáni síðasta vetur og leigðu íbúð rétt hjá hinum vinsæla Villa Martin-golfvelli.

brynhildur@frettabladid.is

„Við vorum búin að ræða gegnum árin að það væri gaman að prófa að búa erlendis einn vetur. Svo var ég mjög slæm af gigt og Örn að jafna sig eftir veikindi og þá fannst okkur kjörið að flýja veturinn og það var bara alveg yndislegt. Við fórum út 25. nóvember og komum heim 28. apríl þannig að þetta var alveg dágóður tími,“ segir Ágústa en þau Örn dvöldu hjá Villa Martin-golfvöllinum í Torrevieja á Costa Blanca-ströndinni í Alicante þar sem hitinn er kringum 20 gráður á þessum árstíma. „Við vorum svo heppin að við hittum á Íslending sem leigði okkur bíl allan tímann og það var mikill kostur því við vorum með golfsetti og það er alveg vonlaust að vera í golfi án þess að hafa bíl.“

Þau hófu dvölina á því að vera tvær vikur við ströndina í Cabo Roig. „Það er alveg yndislegur staður, við gátum labbað á ströndina og út í búð og alveg hægt að vera billaus ef þú ert ekki í golfi,“ segir Ágústa og bætir við að þarna séu veitingastaðir úti um allt. „Við borðuðum úti á hverju



Ágústa Sveinsdóttir og Örn Bragason dvöldu veturlangt í Torrevieja á Spáni í þeim tilgangi helstum að spila golf þegar hugurinn girntist.

MYND/ADSEND

kvöldi þarna til að byrja með og nenntum ekkert að elda, vorum bara á ströndinni og kynntumst öllu þannig að þegar ekki viðraði til golfferða þá fórum við bara þangað og löbbaðum á ströndinni.“

Að stranddvölinni lokinni fóru þau svo í fyrirheitna landið, golfvöllinn Villa Martin. „Þar vorum við í nýlegri blokk sem við leigðum af Íslendingi gegnum Spánarheimili. Við vorum þar í næstum hálf ár og hefðum eftir á að

hyggja átt að kynna okkur smáa lettrið því íbúðin var ekki búin til langtímadvalar, þar voru til dæmis ekki þau lágmarkseldhúsáhöld sem þarf til að halda heimili í einhvern tíma eins og pískar, sigti eða handþeytari, svo við gátum til dæmis ekki gert þann jólamat sem við hefðum viljað. Fólk verður leitt á því að fara út að borða á hverju kvöldi í svona langan tíma.“

Golfið átti hug þeirra og hjarta og Ágústa segir alla aðstöðu til golfiðkunar hafa verið til mikillar



Örn að golfleik á 17. holu en vegna þess að gil klyfur brautina miðja telst hún vera par 3.

fyrirmyndar. „Við spilum golf tvisvar til þrisvar í viku og kynntumst fólki frá öllum heimshornum sem var þarna í sama tilgangi. En svo af því við höfðum bílinn þá gerðum við líka svölitið af því að skoða okkur um. Þetta er svo fallegur staður og margt að sjá.“

Á þessu svæði er mikið um Íslendinga sem hafa stofnað með sér félög og bar og hittast reglulega. „Það er mikið öryggi í því að vita að ef eitthvað kemur upp á þá er hægt að fá ráðleggingar og leið-

beiningar og aðstoð,“ segir Ágústa.

Ágústa mælir heils hugar með þessari aðferð til að heimsækja þessar slóðir á Spáni og kanna möguleika á meiri skuldbindingu. „Það er mjög gott að prófa að gera þetta svona og ef þér líkar við Spán og langar að fara aftur og aftur þá geturðu farið að velta fyrir þér að kaupa fasteign. Ég myndi segja að það væri mikilvægt að kynna sér og prófa allskonar staði áður en þú rýkur í að kaupa.“ ■

Fasteignablaðið

48. TBL. 29. NÓVEMBER 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

2002 - 2022

Á traustum grunni í 20 ár



Grensásvegur 3, 2 hæð 108 Reykjavík Sími 530 6500 heimili@heimili.is heimili.is

EIGNABORG
FASTEIGNASALA

www.eignaborg.is

**ÁRANGUR Í SÖLU
FASTEIGNA**



ÓSKAR BERGSSON LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
SÍMI 893 2499 OG oskar@eignaborg.is

HÚSASALAN

Erum að leita að eignum fyrir viðskiptavinum okkar:

- Sérþýli í Árbæ, 5-6 svefnherbergi.
- Einþýli í miðborginni eða Vesturbænum, 4-5 svefnherb.
- Nýlegt eða mikið endurnýjað sérþýli á 2 hæðum í austurborginni eða Mosfellsbæ.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir Lögg. fast.
gsm: 862-1110. hrafnhildur@husasalan.is

- 3ja eða 4ra herbergja nýlega íbúð í 101 eða 105, helst með bílageymslu
- 3ja herbergja íbúð í Bökkunum Breiðholti
- 2ja herbergja 60 - 70 fm íbúð í Breiðholti

Geir Sigurðsson Lögg. fast.
gsm. 655-9000. geir@husasalan.is

Traust þjónusta.

Síðumúla 33 - 537-9000
husasalan.is - husasalan@husasalan.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FOLD
FASTEIGNASALA
Sími 552 1400

Húsið stendur við Hvassaleiti en þaðan er stutt í Kringluna og skólar eru einnig í næsta nágrenni.

Parhús á frábærum stað

Fold fasteignasala kynnir: Glæsilegt ca. 326 fm parhús á frábærum stað við Hvassaleiti. Húsið er tvær hæðir og kjallari og skiptist í stofur, sólstofu, fimm svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu. Tvennar svalir og innbyggður bílskúr.

Neðri hæð: Komid í flísalagt anddyri, þaðan er gengt í flísalagða gestasnyrtingu og í bílskúr.

Rúmgott eldhús með fallegru sérsmíðaðri eldhúsnréttingu og stórum borðkrók. Þar er halogenhelluborð, Miele-bakaraofn í vinnuhæð. Siemens-isskápur er innbyggður í innréttingu og fylgir ásamt AEG-uppvottavél.

Rúmgóð stofa og borðstofa, þaðan er útgengt í flísalagða sólstofu og frá henni út á stóran pall og þaðan í fallegan garð.

Efri hæð: Rúmgott sjónvarpshol, útgengt er frá því á suðursvalir. Rúmgott hjónaherbergi með skápum, hægt að ganga út frá því á vestursvalir. Tvö rúmgóð barnaherbergi. Stórt flísalagt baðherbergi



Góð lóð er aftan við húsið.

MYND/ADSEND

með baðkari og sturtuklefa. Á hæðinni er einnig þvottahús. Kjallari: Í kjallara eru tvö mjög rúmgóð herbergi, við annað þeirra er sérinngangur. Þar eru lagnir fyrir salerni og því mögulegt að útbúa séríbúð. Einnig er stór geymsla í kjallara.

Gólfefni er fallett eikarparket með fiskibeinamunstri. Staðsetning er frábær í grennd við

Kringluna, Borgarleikhús, góða skóla og fleira. Óþið hús í dag klukkan 16-17, verið velkomin. ■

Fold fasteignasala, s. 552-1400, Söltúni 20, 105 Reykjavík. fold@fold.is. Viðar, s. 694-1401/Gústaf Adolf, s. 895-7205/Einar, s. 893-9132/Hörður, s. 8995209, www.fold.is



Geir Sigurðsson
655-9000
geir@husasalan.is

HÚSASALAN

Við seljum vel og örugglega.

HRINGDU NÚNA!

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
862-1110
hrafnhildur@husasalan.is



Tjarnabraut 4

260 Njarðvík

17 glæsilegar íbúðir í nýju lyftuhúsi á frábærum stað við Tjarnabraut

- Stærð frá 77 – 85 fm
- 3ja og 4ra herbergja – gott skipulag
- Íbúðir afhendast fullbúnar með gólfefnum
- Fallegar innréttingar frá GKS
- Innbyggð uppþvottavél og ísskápur fylgja
- Gólfhiti og vélrænt útsog
- Glæsilegt útsýni af efri hæðum



Óskar
H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is



Ómar
Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignasali
Sími: 832 3200
omar@miklaborg.is

MIKLABORG

Með þér
alla leið



569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggjafir fasteignasalar



NÝTT Í SÖLU

HAFIÐ SAMBAND
í síma 691 1931 eða 832 3200

17
nýjar 3ja og
4ra herbergja
íbúðir



FYRIRTÆKJASALA
ÍSLANDS
síðan 1994

Síðumúla 31
108 Reykjavík
517 3500
fyrirtækjasala.is

Viltu selja rekstur eða húsnæði? Hafðu samband við okkur

Veitingastaður - 101 Reykjavík
Einstakt tækifæri! Á besta stað miðsvæðis.
Einn þekktasti og vinsælasti veitingastaðurinn!

Heildsala - Snyrtivörur
Mjög þekktar og vinsælar snyrtivörur fyrir dömurnar.
Góðar dreifileiðir.

Kaffihús - Kópavogur - Gott verð!
Lítið nett kaffihús með afgreiðslu-bakarí á besta stað í
Kópavogi. Góð kjör og langtíma-leiga.

Framleiðslu Eldhús - Tækifæri!
Fullbúið glæsilegt nýtt húsnæði með starfsleyfi fyrir
hverskyns matvælaframleiðslu um 550 m².

Blóma- og gjafavöruverslun
Glæsilegt vöruúrval. Einstaklega góð staðsetning.
Verslun, smásala, heildsala, netverslun.

Glæsileg Líkamsmeðferðarstofa
Vel staðsett miðsvæðis. Fjölbreyttar meðferðir.

Sérhæfður innflutningur - Gott verð!
Eigin innflutningur og hönnun á kvarts plötum fyrir t.d.
heimili og fyrirtæki. Trygg viðskiptasambönd.

Hafðu samband, fjöldi annarra fyrirtækja á skrá!

Björgvin Óskarsson lglm, s. 773-4500 bjorgvin@atv.is
Óskar Mikaelsson lgfs., s. 773-4700 oskar@atveignir.is

ráðum
ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

HH
RÁÐGJÖF

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

**ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF
KOSTAR AÐEINS 24.500 kr.***

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D.
Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður
Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@
fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Barðastaðir 49. Raðhús í nálægð við golfvöll og náttúru



OPÍÐ HÚS
Á FIMMTUDAG

Eignin verður til sýnis nk. fimmtudag 1. desember frá kl. 17.15 – 17.45

- Vel skipulagt 164,1 fermetra raðhús á einni hæð með bílskúr við Barðastaði í Grafarvogi. Hellulagt bílastæði fyrir allt að 4 bíla.
- Aukin lofthæð er í húsinu og hefur eignin hefur verið töluvert endurnýjuð að undanfönu m.a. er nýtt parket á gólfum og lýsing hefur verið endurnýjuð.
- Eignin skiptist í forstofu, þvottaherbergi, eldhús, samliggjandi stofur, hol, baðherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi innaf og tvö barnaherbergi. Geymsla er innaf bílskúr.
- Húsið er mjög vel staðsett í nálægð við golfvöll Grafarvogs. Góð aðkoma er að húsinu og hitalagnir eru undir stétt og innkeyrslu. Falleg gróin lóð með skjólsælli viðarverönd.

Verð 115,5 millj.

Naustavör 58 - Nýjar og glæsilegar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kóp.



- Naustavör 58 er 4ra hæða nýbygging í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Um er að ræða 2ja – 3ja og 4ra herbergja íbúðir sem eru til afhendingar í mars 2023.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðirnar verða afhent án gólfefna, en flisar verða á gólf í baðherbergi og þvottaherbergi.
- Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.
- Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.byggj.is

Aðeins 7 íbúðir óseldar auk einnar 2ja herbergja íbúðar í nr. 52

Grímsnes - Kiðjaberg - Öndverðarnes

Óskum eftir glæsilegu sumarhúsi, heilsárshúsi í sumarhúsabyggð í Kiðjabergi eða Öndverðarnesi fyrir traustan kaupanda

Arnarnes, Garðabæ

Glæsilegt einbýlishús á einni hæð 5 svefnherbergi – 3 baðherbergi. Nánari uppl. á skrifstofu

Austurberg 20- 5 herbergja endaíbúð ásamt bílskúr



- Vel skipulögð 5 herbergja endaíbúð á 2. hæð við Austurberg auk 18,0 fermetra bílskúrs.
- Íbúðin er með gluggum í þrjár áttir. Stórar flisalagðar svalir til suðurs. Sér þvottaherbergi með glugga og búri innaf er innan íbúðar. Sér geymsla á 1. hæð.
- Stofa er rúmgóð og björt. Þrjú rúmgóð herbergi. Eldhús opið við hol og með borðaðstöðu. Bílskúrin er 18,0 fermetrar að stærð og er með rafmagni og hita.
- Íbúðin er laus til afhendingar fljótlega.
- Staðsetning eignarinnar er góð og stutt er í leikskóla, skóla, sundlaug, íþróttasvæði, verslanir og þjónustu.

Verð 59,9 millj.

Sandavað 5 – 4ra herbergja íbúð í Norðingaholti



OPÍÐ HÚS
Í DAG

Eignin verður til sýnis í dag, þriðudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Mjög fin 4ra herbergja íbúð 110,1 fermetra íbúð á 2. hæð að meðtöldri sér geymslu í lyftuhúsi við Sandavað 5 í Norðingaholti.
- Stórar flisalagðar yfirbyggðar opnanlegar svalir til suðausturs. Þvottaherbergi innan íbúðar og sér stæði í bílakjallara.
- Þrjú svefnherbergi. Rúmgóð og björt stofa/borðstofa. Eldhús er opið við stofu með stórum eyju og góðum hirslum.
- Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega.

Verð 78,9 millj.

Parft þú að stækka eða minnka við þig en finnur ekki réttu eignina?
Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærra eða minni eignir.

Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.

<https://www.facebook.com/fastmark.is> - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Rökkvatjörn 6

113 Reykjavík

NÝTT Í SÖLU



12
nýjar 2ja til
5 herbergja
íbúðir

BÓKIÐ EINKASKOÐUN
hjá Ólafi í síma **822 2307**
eða Kjartani í síma **663 4392**



Ólafur
Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: **822 2307**
olafur@miklaborg.is



Kjartan
í. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: **663 4392**
kjartan@miklaborg.is



12 vel skipulagðar 2ja til fimm herbergja nýjar íbúðir

- Sér inngangur í allar íbúðir
- Hús úr krosslímdum timbureiningum (CLT) sem er umhverfisvænn byggingamáti
- Afhending jan-feb 2023

MIKLABORG

Með þér
alla leið



569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Þátttakandi í íslensku
atvinnulífi í meira en
50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR

NÝTT Í SÖLU



PANTID SKOÐUN
hjá Jasoni í síma 775 1515

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Furuás 4

210 Garðabær

Vandað 337 fm einbýli á útsýnisstað í rótgrónu hverfi

- 4-5 svefnherbergi
- Mikið útsýni
- Stofur og borðstofa
- Rúmgott sjónvarpsrými,
- Stór 780 fm lóð
- 47 fm bílskúr
- Seljandi skoðar skipti á eignum ef það hentar kaupanda

Verð: **Tilboð**

NÝTT Í SÖLU



OPID HÚS

í dag þriðjudag
29. nóvember
kl. 17.00 - 17.45

Hraunás 10

210 Garðabær

Virkilega glæsilegt 267,5 fm parhús á tveimur hæðum

- Fjögur svefnherbergi
- Þrjú baðherbergi
- Glæsilegar stofur,
- Aukin lofthæð á efri hæð
- Innbyggður bílskúr
- Glæsilegt útsýni

Verð: **169,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU



PANTID SKOÐUN
hjá Óskari í síma 691 1931

Óskar H. Bjarnason
lögg. fasteignasali
sími: 6911931
ohb@miklaborg.is

Akurgerði 64

108 Reykjavík

Fallegt, vel skipulagt 110,5 m parhús á tveimur hæðum í Smábúðahverfinu

- Þrjú svefnherbergi. Salerni/ baðherbergi á hvorri hæð
- Nýuppsett sérþvottahús og salerni á neðri hæð
- Fallegur gróinn garður með um 25 fm verönd
- Nýlegt 15 fm geymsluhús á lóðinni
- Göngufæri í Breiðagerðis- og Réttarholtsskóla

Verð: **86,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU



OPID HÚS

í dag þriðjudag
29. nóvember
kl. 17.00 - 17.30

Engihjalli 17

200 Kópavogur

Björt og rúmgöð 97,4 fm 4ra herbergja íbúð

- Glæsilegt útsýni og tvennar svalir til suðurs og vestur
- 3 svefnherbergi
- Stofa/borðstofa er rúmgöð

Verð: **52,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 845 8958

Strandvegur 20

210 Garðabær

Glæsileg 3-4 herbergja 141 fm íbúð í lyftuhúsi með frábæru aðgengi

Verð: **109,9 millj.**

- Stórar stofur og gott alrými
- Hjónaherbergi, ásamt aukaherbergi. Rúmgott baðherbergi
- Útsýni út á ylistrónd. Tvennar svalir. Geymsla með glugga.
- Staði í bilageymslu

Nánari upplýsingar:

s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

NÝTT Í SÖLU



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Kolagata 1

101 Reykjavík

Glæsileg, 4 herb. 124,9 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi, á besta stað í miðbænum

Verð: **124,9 millj.**

- Aukin lofthæð, suður svalir
- Íbúð með stórum og björtum gluggum
- Rúmgott svefnherbergi með baðherbergi inn af

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

NÝTT Í SÖLU



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Mýrargata 26 - íb. 411

101 Reykjavík

Glæsileg 2ja herbergja 86,8 fm íbúð á 4. hæð í 7. hæða lyftuhúsi við höfnina

Verð: **84,9 millj.**

- Stofa, eldhús og svefnherbergi
- Baðherbergi með þvottahúsi innaf og geymsla í kjallara
- Lofthæð er 2,74 m. Gólfhitakerfi. Suðurvalir.
- Staði í bilageymslu

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

NÝTT Í SÖLU



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 845 8958

Barónsstígur 27

101 Reykjavík

Glæsilega 3ja herbergja 69,1 fm íbúð á efstu hæð

Verð: **54,9 millj.**

- Staerð en gólfplatar um 90 fm
- Aukin lofthæð. Geymsla í kjallara. Vel viðhaldin íbúð
- Mjög góð útleigugeign
- Góð fyrstu kaup. Laus strax

Nánari upplýsingar:

s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

OPID HÚS

miðvikudag
30. nóvember
kl. 17.00-17.30



Stigahlíð 28

105 Reykjavík

Sérlega rúmgöð 3ja herbergja 82,5 m íbúð á 2. hæð

Verð: **58,9 millj.**

- Tvö svefnherbergi
- Rúmgöð stofa/borðstofa
- Nýlegt eldhús

Nánari upplýsingar:

s. 832 3200 **Ómar Hvanndal** hdl. og aðst. fasteignas

s. 6911931 **Óskar H. Bjarnason** löggiltur fasteignasali

NÝTT Í SÖLU



OPID HÚS

miðvikudag
30. nóvember
kl. 18.00-18.30

Kötlufell 11

111 Reykjavík

Þriggja herbergja 79,1 fm íbúð á fjórðu hæð

Verð: **45,9 millj.**

- Tvö svefnherbergi
- Eldhús, stofa og yfirbyggðar svalir
- Geymsla á jardi
- Baðherbergi

Nánari upplýsingar:

s. 832 3200 **Ómar Hvanndal** hdl. og aðst. fasteignas

s. 6912312 **Óskar S. Axelsson** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Birkigrund 44

200 Kópavogur

221 fm endaraðhús með aukaíbúð og bílskúr

Verð: **135 millj.**

- Aðaleign, miðhæð og efri hæð með 4 svefnherb. stofum, eldhúsi, svölum, þvottahúsi og baðherb.
- Aukaíbúð með sérinnangi, og með einu svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi í kjallara.

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 896 8232

Grandavegur 42B - íb. 204

107 Reykjavík

Glæsileg 152 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð með yfirbyggðum upphit. 22 fm svölum

Verð: **134,8 millj.**

- Glæsilegt alrými með set- og borðstofu og eldhús m. eyju
- Tvö flíslögð baðherbergi. Hjónasvita með bað- og fataherbergi
- Staði í bilageymslu. Óviðjafnanlegt sjávarútsýni

Nánari upplýsingar:

s. 896 8232 **Þórhallur Biering** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 695 5520

Grandavegur 42B - íb. 501

107 Reykjavík

Björt og rúmgöð 3-4ja herbergja 125,1 fm íbúð á 5. hæð í nýlegu lyftuhúsi

Verð: **122,5 millj.**

- Tvö svefnherbergi
- Glæsilegt alrými sem liggur í gegnum alla íbúðina
- Tvennar yfirbyggðar svalir með stórkostlegt útsýni
- Sérgeymsla (8,8 fm) í kjallara. Staði í bílarkjallara

Nánari upplýsingar:

s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

MIKLABORG

Með þér
alla leið

Framúrskarandi
fyrirtæki

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
Frákvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali, leigumiðlari
896 5222
ingolfur@valholl.is



Heiðar Friðjónsson
Söluþjóri, löggiltur
fasteignasali B.Sc
693 3356
heidar@valholl.is



Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur, löggiltur
fasteignasali, skjalagerð.
897 1339
hildur@valholl.is



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is



Hólmfríður Björgvinsdóttir
Ritari
588 4477
ritari@valholl.is



Jónas H. Jónasson
Lögg. fasteignasali
Eignaskiptayfirlýsandi
842 1520
jonas@valholl.is



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is




Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús stílisti
892 8778
anna@valholl.is



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is



Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is



PANTID SKOÐUN
hjá Þórhalli í síma 896 8232

Hringtún 38
620 Dalvík

Einstakt og glæsilegt
500 fm einbýlishús
á frábærum útsýnisstað
efst í bænum á Dalvík

- Ó svefnherbergi, ó baðherbergi
- Stórar og glæsilegar stofur
- Prefaldur jeppabílskúr
- Stórir pallar með skjólgirðingum og heitum potti
- Húsið var byggt árið 2007 og ekkert var til sparað
- Glæsilegt og víðfeðmt útsýni út á Eyjafjörðinn og inn Svarfaðardalinn



Þórhallur Biering
Lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is

Verð: 180 millj.

MIKLABORG

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf.

Síðumúla 5

108 Reykjavík

511 1225

intellecta.is

intellecta



Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



SKANNADU KÓÐANN

Fasteignablaðið

Fasteignablað Fréttablaðsins kemur út alla þriðjudaga



frettabladid.is

INNFELLDIR LOFTVENTLAR



LOFTVENTLAR SEM FALLA INN Í GIFSPLÖTUR

 **Íshúsið**
S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

 **viftur.is**



Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Glæsileg sameign með sundlaug og fallegu umhverfi.



Hægt er að fá íbúðirnar afhentar fullbúnar fallegum húsgögnum.



Hægt er að velja íbúð með sér garði, sér þaksvölum eða góðum svölum.



Adalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali hjá Spánareignum.

Íbúðir með öryggisþjónustu í sólarparadísinni á Spáni

Lífsgæðin sem fylgja Spánarsólinni heilla marga Íslendinga. Spánareignir hafa selt fasteignir á Spáni síðan 2001 sem tryggir viðskiptavinum þekkingu, reynslu og öryggi með þjónustu löggilts íslensks fasteignasala.

Þeim fjölgar stöðugt sem vilja vera sólarveginn í lífinu og lífsgæðin sem Spánarsólin býður upp á heillar stöðugt fleiri og fleiri Íslendinga. Fólk kysir í auknum mæli að eiga heimili þar, hvort sem er til skemmri eða lengri dvalar og margir einfaldlega kjósa að flytja þangað alfarið, segir Adalheiður Karlsdóttir, framkvæmdastjóri Spánareigna og löggiltur fasteignasali.

„Gott veður allt árið heillar, hagstætt verðlag, fjölbreyttir golfvöllir, fallegar strendur, hjólréiðar, göngu- og hlaupaleiðir, vinsmökkin og skíðabrekkur.“ Lífsgæðalistinn er endalaus og aðgengið auðvelt með beinu flugi frá Íslandi allt árið að hennar sögn. „Tiltölulega auðvelt er að fá vinnu fyrir þá sem leita eftir því, og stöðugt fleiri geta líka unnið að heiman með tilkomu Zoom og Teams. Góðir skólar og gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu er einnig á meðal þess sem fólk veltir fyrir sér.“

Fylgjumst vel með nýjungum

„Við hjá Spánareignum leggjum mikla áherslu á að fylgjast vel með nýjungum á fasteignamarkaðnum

á Spáni til þess að bjóða viðskiptavinum okkar upp á það besta sem í boði er hverju sinni. Við erum ekki bara að selja fasteignir, heldur ekki síður lífsgæði.“

Golfvallasvæði eins og Las Colinas, Vistabella og La Finca hafa verið vinsæl, en einnig svæði nær stöndinni, eins og til dæmis Villamartin, Mar de Pulpi, Los Alcazares og Santa Rosalia, sem er nýtt og spennandi svæði með miklum afþreyingarmöguleikum.

„Það nýjasta hjá okkur eru einstaklega skemmtilegar og vel hannaðar þjónustuíbúðir rétt við Mil Palmeras-strandbæinn á Costa Blanca. Öllum íbúðunum fylgir öryggishnappur og fjarhjálpþjónusta, sem eykur verulega öryggi þeirra sem á þurfa að halda. Verðin á þessum íbúðum eru líka sérlega hagstæð.“

Vel staðsettar íbúðir með öryggisþjónustu

Íbúðirnar eru fallegar og vel skipulagðar með góðu alrými þar sem eru stofa og borðstofa vel tengd eldhúsi, eitt eða tvö svefnherbergi og eitt eða tvö baðherbergi og eru þær vel staðsettar í Mil Palmeras, fallegum spænskum strandbæ, um 60 mínútna akstur suður frá Alicante.

„Hægt er að velja um íbúðir á jarðhæð með sér garði, á miðhæðum með góðum svölum og á efstu hæð með svölum og sérþaksvölum.“

Frábær sameign fylgir og er hún með fallegum sameigin-

legum sundlaugargarði, sameiginlegu samkomuherbergi þar sem hægt er að spila og taka þátt í ýmsum tómstundum, líkamsrækt, aðstöðu fyrir sjúkraþjálfara, sérherbergi fyrir snyrtifræðinga og fleira. Gott aðgengi er fyrir fatlaða, til dæmis lyfta ofan í sundlaug, breiðari dyraop, breiðari gangar í sameign og sérútbúin baðherbergi fyrir fólk með skerta hreyfingu og fólk í hjólastólum. Lyfta er í húsinu og stæði í bílarkjallara fylgir íbúðunum. Innbyggt kerfi er fyrir loftkælingu og hitun.“

Adalheiður segir sérstaka áherslu lagða á aukið öryggi íbúa og munu allar íbúðir hafa öryggishnapp með tengingu við neyðarþjónustu allan sólarhringinn, alla daga ársins. „Einn aðalhnappur er í íbúðinni og annar færanlegur sem hafður er til dæmis um úlnið. Íbúar eru þannig beintengdir hjálparmiðstöð Rauða krossins á Spáni sem veitir neyðaraðstoð allan sólarhringinn ef á þarf að halda og er kostnaður innifalinn í húsgjöldum.“

Gott aðgengi að þjónustu einkaspítala

Íbúum gefst einnig kostur á að fá Health Premium-kortið frá Quiron Salud, alþjóðlega sjúkrahúsinu á svæðinu, sem talið er með bestu sjúkrahúsunum í Evrópu. Health Premium-kortið veitir forgang og betra aðgengi að persónulegri þjónustu og heilsuráðgjöf til að bæta lífsgæði viðkomandi.

Sérlega hagstætt verð

Íbúðirnar eru á mjög góðu verði og auðveldar það því kaupun. Verð miðað við gengi 1 evra = 147 ISK:

Tveggja herbergja: 1 svefnherbergi + 1 baðherbergi. Verð frá **109.000 evrum**, (ISK 16.000.000) + kostnaður við kaupun.

Þriggja herbergja: 2 svefnherbergi + 1 baðherbergi. Verð frá **152.000 evrum**, (ISK 22.300.000) + kostnaður við kaupun.

Þriggja herbergja: 2 svefnherbergi + 2 baðherbergi. Verð frá **176.000 evrum**, (ISK 25.900.000) + kostnaður við kaupun).

Hægt er að fá íbúðirnar afhentar fullbúnar húsgögnum og rafmagnstækjum gegn viðbótargjaldi, þannig að allt verði tilbúið þegar flutt er inn.

Það nýjasta hjá okkur eru einstaklega skemmtilegar og vel hannaðar þjónustuíbúðir rétt við Mil Palmeras-strandbæinn á Costa Blanca. Öllum íbúðunum fylgir öryggishnappur og fjarhjálpþjónusta, sem eykur verulega öryggi þeirra sem á þurfa að halda. Verðin á þessum íbúðum eru líka sérlega hagstæð.

Adalheiður Karlsdóttir

„Hér er um að ræða algjöra nýjung á fasteignamarkaðnum á Spáni sem nýttist fólk sem vill búa í góðu loftslagi, öruggu umhverfi og hafa gott aðgengi að allri heilbrigðisþjónustu.“

Ánægðir viðskiptavinir okkar besta auglýsing

Spánareignir hafa selt fasteignir á Spáni síðan 2001 og tryggir það viðskiptavinum fyrirtækisins þekkingu, reynslu og öryggi með þjónustu löggilts íslensks fasteignasala.

„Skrifstofa Spánareigna er í Reykjavík og getur fólk pantað fund með okkur og komið þangað til að fá allar upplýsingar. Við aðstoðum fólk við allt kaupferlið og sjáum til dæmis um að útvega spænska kennitölu eða NIE-númer, opna bankareikning í virtum spænskum banka, aðstoðum við útvegum hagstæðra lána og greiðslumats sé þess óskað og allt sem þarf til að kaupferlið gangi vel fyrir sig. Okkar besta auglýsing eru ánægðir viðskiptavinir og í dag fáum við flesta okkar viðskiptavini vegna meðmæla frá öðrum og það finnst okkur best.“ ■

Nánar á spanareignir.is.

Þjófum að þakka að Kalli á Spáni varð til



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Karl Kristján Hafsteinn Guðmundsson er „Íslenskum Spánverjum“ að góðu kunnur sem Kalli á Spáni.

„Eftir tíu daga vetrarleyfi á Spáni árið 2018 sagði ég í framhaldinu upp vinnunni og við hjónin máttum okkur við Spán veturinn á eftir. Þá var ég sextugur og hafði unnið á kvöld-, nætur- og helgarvöktum sem öryggisvörður hjá Reykjavíkurborg á Vitatorgi í tæp níu ár,“ segir Karl Kristján Hafsteinn Guðmundsson, sem margir þekkja sem Kalla á Spáni. Kalli er 64 ára prentsmíðameistari, Hafnirðingur úr Hvaleyrarholtinu, fjögurra barna faðir og afi sjö barnabarna.

Þau hjónin hafa æ síðan búið í Torrevieja á Spáni og una hag sínum vel.

„Við komum þó til Íslands á hverju sumri og erum þá í nokkrar vikur á 30 ára gamla húsbílum okkar, nema hvað við komumst ekki eitt sumarið í Covid-firrunni. Það er gott að búa á Spáni á íslenskum lágmarkstekjum lífeyris vegna verðlagsins og veðrið hér er á við gott íslenskt sumarveður. Það fer betur í liðina en íslensk, rýsjótt veðráttan. Sjálfur fer ég ekki á baðstrendur, ég spila ekki golf og stunda ekki sólböð, en það er hlýjan og verðlagið sem freistaði okkar,“ greinir Kalli frá.

Google bauð heim til Los Angeles
Kalli heldur úti vinsælli vefsíðu fyrir Íslendinga sem búa í Torrevieja og á Spáni: kalli.is. Hann segir frá því hvernig það kom til.

„Undir lok fyrsta vetrarins okkar á Spáni keyptum við bíl til að geta farið víðar en fótgangandi um næsta nágrenni. Íslendingar voru duglegir að hittast í Múlakaffi, á Sundlaugarbarnum, Klaustursbarnum og víðar. Einnig voru hér vinsælir götumarcaðir, svo sem Laugardagsmarkaðurinn og Sítrónumarkaðurinn og svo hittust Íslendingar líka til að spila félagsvist og bridge. Hinir nýkomnu, eins og við, rötuðu ekki á þessa hittinga og því var nokkur barningur að finna þá,“ segir Kalli sem tók það til bragðs að útbúa viðburðadagatal þar sem íslensku staðarnöfnin voru notuð ásamt þeim spænsku, sem og staðsetningar á kortum frá Google Maps.

„En staðsetningarnar hjá Google Maps voru yfirleitt rangar. Því fór ég á stúfana, fann þessa staði og leiðrétti vitleysuna hjá þeim. Það gekk meira að segja svo langt að Google bauð mér til höfuðstöðva sinna í Los Angeles, en ég nenni ekki að fara í slíka ferð,“ segir Kalli og hlær.

Afdrifaríkt innbrot

Það var svo einn morguninn að brotist var inn í sólstofu Kalla og konu hans, Sigurveigar Sigurðardóttur.

„Þar hvarf meðal annars spjaldtölvan, en það er þjófunum að þakka að vefsíðan Kalli á Spáni, eða kalli.is, varð til. Ég átti fartölvu sem ég hafði ekkert notað og tók hana til brúks. Ég átti líka lénið kalli.is en hafði aldrei gert neitt við það. Þremur dögum síðar var svo vefsíðan kalli.is komin í loftið, vefur sem birtir ýmislegt sem gagnast Íslendingum á Spáni. Þar eru upplýsingar um hvað eina sem snýr að þeim sem vilja flytja til Spánar, til dæmis ýmis eyðublöð og meira að segja skattareiknivél sem ég útbjóg og viðheld,“ upplýsir Kalli.

Hann segir „Íslensku Spánverjana“ ánægða með vefinn.

„Þeim þykir gott að geta séð allt sem skiptir þá máli á einum stað. Viðburðadagatalið tók um leið stakkaskiptum og er nú hluti af



Kalli á Spáni á jólahittingnum á Sundlaugarbarnum um nýliðna helgi. Dýrindis máltíðin með hálfri flösku af víni kostaði 22 evrur eða um það bil 3.300 íslenskar krónur. MYND/ÁSEND



vefnum. Þar getur fólk sett inn sína viðburði sjálf, eða fengið aðstoð við það, og sömuleiðis auglýst frítt. Áskriftin er ein evra á mánuði, sem er hugsuð til að greiða kostnaðinn af vefnum á móti mér. Það fyrirkomulag hefur reynst vel og mælist kalli.is með einkunnina A.“

Heim til Íslands til að hvíla sig

Tilveran í Torrevieja er rík af félagslífi og góðum stundum.

„Íslendingar á íslenskum ellilífeyri láta vel af sér á Spáni. Margir eru á leið heim um jólin, aðallega til að hvíla sig. Það er svo mikið um að vera hérna á Spáni. Við hjónin erum reyndar afskaplega heima-kær, við förum sjaldan á hittinga, bari eða út að borða. Það má eiginlega segja að við séum efnahagslegir flóttamenn frá Íslandi,“ segir Kalli.

Hann segir Íslendinga duglega að halda hópinn og eignast nýja vini í samfélagi sínu í Torrevieja.

„Fólk er afar upptekið og þau sem héldu að það yrði ekkert um að vera eftir starfslok hafa aldrei haft meira að gera. Þau sem fóru aldrei út að borða heima á Íslandi, nema kannski á árshátíðir, fara nú nokkrum sinnum í viku. Þá er Íslendingafélagið á Spáni það virkasta í heimi, þegar lítið er til annarra Íslendingafélaga, og Félag húseigenda á Spáni er yfir þrjátíu ára gamalt, opið öllum og með þjónustu- og öryggisfulltrúa hér á svæðinu,“ upplýsir Kalli.

Fyrir ári síðan hafi íslenskur söfnuður verið stofnaður á Spáni, er nefnist Luther (sjá luther.is).

„Nú hefur íslenski söfnuðurrinn fengið inni í glænýrri, sænskri kirkju með barnastarfið sitt og næsta sunnudag verður þar adventu- og jólaguðsþjónusta þar sem presturinn okkar, séra Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, og séra Gísli Gunnarsson, vígslubiskup á Hólum í Hjaltadal, þjónusta

Séð yfir hluta Torrevieja úr lofti. Glæsilegar byggingar, sundlaugar og snyrtilegur bær þar sem fer vel um fjölmarga Íslendinga sem þar njóta lífsins árið um kring. MYND/PEXELS

söfnuðinn. Þar verða sungin íslensk jólalög og í stuttu máli er allt að gerast á Spáni,“ segir Kalli.

Fjölgar sífellt í hópi Íslendinga
Þegar Kalli og Sigurveig fluttu til Spánar töluðu þau ekki stakt orð í spænsku.

„Við förum á spænskunám-skeið í nokkur skipti en þegar við ætluðum að æfa okkur í notkun tungumálsins í búðum og á veitingastöðum var okkur alltaf svarað á ensku. Aftur á móti vilja opinberir aðilar nær eingöngu tala spænsku og því verður maður að hafa túlk með sér, sérstaklega þar sem tímapantanir eru umsetnar. Ég hef meira að segja lent í því að næsta manneskja á undan í röðinni var afgreidd á ensku en svo þegar kom að mér var bara töluð spænska og örloði ekki á neinum enskuskiptingum. Margir hafa líka upplifað að vera afgreiddir á ensku en svo hafi verið svissað yfir í spænsku ef erindið varð óþægi-legt,“ upplýsir Kalli.

Hann segir sífellt fleiri Íslendinga flytja utan til Spánar.

„Já, samfélag Íslendinga á Spáni fer ört stækkandi því dýrtíðin á Íslandi er allt að drepa. Það er vonandi að Seðlabankinn haldi fast í gengi íslensku krónunnar gagnvart evrunni svo Ísland fái ekki allt þetta fólk í hausinn. Það er ljóst að heilbrigðis- og félagsmálakerfin heima þyldu ekki álagið sem fylgdi slíkum hreppaflutningum Íslendinga frá Evrópu.“

Í venjulegu árferði var verðlag á Spáni um 55 prósent af því sem Íslendingar eiga að venjast á Íslandi.

„Þessi munur, er að mér finnst, ivið meiri þótt vöruverð hafi hækkad á báðum stöðum. Þar munar mestu um stýrivaxta-breytingar Seðlabanka Íslands. Mér finnst sorglegt þegar ungt fólk er platað í ágætis lánakjör með 0,5 prósentu stýrivöxtum og þeir síðan hækkad í 6 prósent á stuttum tíma. Þetta þýðir hreinlega að fólk sem á sér lítið bakland missir allt sitt innan árs til þeirra sem standa þessa hækkun af sér,“ segir Kalli.

Veðrið og verðið heillar mest

Það liður senn að jólum og tindrandi jóljós farin að skína skært í Torrevieja.

„Íslendingarnir eru margir farnir að setja upp jóljós, Félag húseigenda á Spáni var með fyrsta opinbera jólasamsæti Íslendinga á föstudaginn var og adventukaffi á sunnudögum er víða byrjað. Matkráin Bar-Inn, sem er í eigu ungrar íslenskrar konu, er til dæmis talin vera mest skreytti barinn á svæðinu og þar verða „litlu jólin“ haldin í desember og hátíðarmatur öll jólin,“ segir Kalli.

Hann segir Íslendinga vel liðna af heimamönnum í Torrevieja.

„Spánverjar eru almennt hrifnir af Íslandi, margir hafa lagt leið sína þangað og hjá enn fleirum er Íslandsferð á óskalistanum. Íslendingar sem eru hér á Spáni njóta þessarar velvildar.“

Spurður hvað honum líki best við lífið og tilveruna í Torrevieja, svarar Kalli:

„Í stuttu máli veðrið og verðið. Tiðarandinn er líka afslappaðri. Spánverjar eru ekki að flyta sér eins mikið og Íslendingar, svo hér er minna stress.“

En fær hann stundum heimþrá?

„Nei, eiginlega ekki. Samskipti við ættingja og vini eru mestmegnis á netinu og í síma. Maður er ekkert ómissandi,“ segir hann og hlær. ■

Sjá kalli.is

Spánverjar eru almennt hrifnir af Íslandi og margir hafa lagt leið sína þangað. Íslendingar sem eru hér á Spáni njóta þeirrar góðvildar.

Kalli á Spáni



FASTEIGNASALA

FASTLIND.IS

Bæjarlind 4 / 201 Kópavogur / www.fastlind.is



Framúrskarandi fyrirtæki



Lind fasteignasala er **framúrskarandi fjórða árið í röð** þökk sé framúrskarandi starfsfólki



DREYMR ÞIG UM FASTEIGN Á SPÁNI EÐA TENERIFE?



Í samvinnu við NOVUS HABITAT bjóðum við heildarlausnir fyrir kaupendur fasteigna á Costa Blanca og Costa Cálida svæðunum á Spáni

NYJAR ÍBÚÐIR



ÞÚ FINNUR NÝJU ÍBÚÐINA HJÁ OKKUR!

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á www.nyjaribudir.is



Allir kaupendur og seljendur fá **Vildarkort Lindar**

sem veitir **30% afslátt** hjá eftirfarandi fyrirtækjum



Það getur margbargað sig að velja LIND

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z-brautir & gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Viðd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.





FASTEIGNAKYNNING

Bæjarlind 4 - Laugardaginn 3. des. Milli kl. 13-15

Heildarlausnir fyrir kaupendur


NOVUS HABITAT og LIND bjóða heildarlausnir fyrir kaupendur fasteigna á Spáni með sérhæfingu í sölu nýbygginga á Costa Blanca og Costa Cálida svæðunum. Við höfum um árlangt skeið séð um fasteignakaup Íslendinga á Spáni. Við finnum réttu eignina, sjáum um allt sem viðkemur kaupferlinu, aðstoðum við innbú eigna og hjálpum kaupendum við að koma eign sinni í leigu hluta af ári, óski þeir þess. Auk þess aðstoðum við kaupendur við stofnun og uppbyggingu viðskiptatækifæra á Spáni.



Fyrirlestur kl. 13 og 14

Steinunn Fjóra

Jónsdóttir, eða Steina, eins og flestir kalla hana, hefur starfað við fasteignasölu á Spáni allt frá árinu 2005 og hefur þjónustað hundruði Íslendinga í gegnum árin. Hún hefur nú tekið við stöðu sölustjóra fyrir Íslandsmarkað hjá Novus Habitat. Steina þekkir fasteignamarkaðinn og svæðin við suðausturströnd Spánar mjög vel og mun veita væntanlegum kaupendum framúrskarandi þjónustu við leitina að réttu eigninni ásamt nauðsynlegri ráðgjöf í ferlinu öllu. Fagleg og persónuleg þjónusta, sniðin að þínum þörfum, er okkar markmið.




NOVUS HABITAT
FASTEIGNIR


FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900 / www.fastlind.is



Nýjustu bækurnar fyrir jólin



Sjö notalegar og stuttar sögur til að lesa saman fyrir svefninn




Vinsælustu harðspjalda flettibækurnar um Bóbó fyrir yngstu börnin



Ellefu hvetjandi sögur fyrir krakka með stóra drauma



Uppgötaðu undraheim trjáa á þessum stórkostlegu gegnsæju blaðsíðum



Líttu inn í mannlíkamann á þessum skemmtilegu gegnsæju blaðsíðum



Þessar afþreyingabækur eru stútfullar af skemmtilegum verkefnum og ráðum fyrir alla krakka



Fyrir börn á öllum aldri. Spennandi aðventu föndurbók



Skemmtileg flipabók með stórfurðulegum staðreyndum fyrir forvitna krakka

Bílar & Farartæki



Ford Transit Custom Edition Trend. 4/2018 ekinn aðeins 61 þús. km. Stór skjár í mælaborði með bakkmyndavél ofl. Kemur frá góðum vinnustað þar sem hugsað var vel um gripinn. Verð 3.950.000 án vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

BLÖÐIN

Bláðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Þjónusta

Málara

MÁLARAR.

Faglærðir Málara. Tökum að okkur alla almenna málningavinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum. Löggitur málaraeistari. Löggitur málara. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

vatnsvorn.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarmudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR

• SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÜLU
MEÐ HJÁLPAÐ HANDAN
• HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar. Ást og peningar. Andleg hjálpa. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is




Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar



JS LJÓSMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17

Til bygginga



NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN

slétt beggja megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbýgginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnsskæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihúðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarollur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Öseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Heilsuvörur



Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar í Hafnarfirði - Öseyrarbraut 24

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðar að Öseyrarbraut 24 í Hafnarfirði á fundi sínum þann 23. 11. 2022 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar. Tillagan gerir ráð fyrir hækkan nýtingarhlutfalls, auknu byggingarmagni, hækkan hámarkshæðar bygginga og nýjum aðkomuleiðum að lóð.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Kapelluhrauns í Hafnarfirði - Tinhella 11

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðar að Tinhelli 11 í Hafnarfirði á fundi sínum þann 9. 11. 2022 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Kapelluhrauns 1. áfanga. Tillagan gerir ráð fyrir færslu á byggingarreit Tinhelli 11 til norðurs, bílastæði verði færð til suðurs og að nýtingarhlutfall lóðar verði 0,5.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6 og á umhverfis- og skipulagssviði að Norðrhelli 2, frá 29.11 - 10.01.2023. Einnig er hægt að skoða gögnin á hfj.is/skipulag.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eða skriflega í þjónustuver að Strandgötu 6 eigi síðar en 10.01.2023.

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003



GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003



Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR





MATUR & HEIMILI
með Sjöfn Þórðar

**ÞRIÐJUDAGA
KL. 19.00 OG
21.00**

MATUR OG HEIMILI

MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. Í þáttunum heimsækir Sjöfn heimili, kaffi- og veitingahús og eldhús matgæðinga, sælkeru- og matarbloggara. Áhorfendur fá innsýn í heimili og staði viðkomandi og kynnast matarmenningu, persónulegum stíl og hönnun hvers og eins.

ALLA ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00 OG 21.00



HRINGBRAUT

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20.00 Vísindin og við** Vísindin og við er þáttaröð um fjölbætt fræða- og rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands. Fyrsti þáttur í annarri þáttaröð.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Matur og heimili (e)**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.35 Með okkar augum**
- 14.05 Þú ert hér** Einar Örn Benediktsson.
- 14.30 HM stofan**
- 14.50 Ekvador - Senegal** Bein útsending.
- 16.50 HM stofan**
- 17.10 Finnsla gufubaðið**
- 17.25 KrakkaRÚV**
- 17.26 Tilraunastofan**
- 17.48 Áhugamálið mitt**
- 17.55 Litlir uppfinningamenn**
- 18.03 Heimilisfræði**
- 18.09 Matargat** Súkkulaðiafmalískúffukaka.
- 18.15 Krakkafréttir**
- 18.20 Lag dagsins** GDRN - Tíu dropar.
- 18.30 Fréttayfirlit**
- 18.35 HM stofan**
- 18.50 Wales - England** Bein útsending.
- 20.50 HM stofan**
- 21.00 Fréttir**
- 21.25 Íþróttir**
- 21.30 Veður**
- 21.40 Draugagangur Ghosts II** Önnur þáttaröð þessara bresku gamanþátta.
- 22.10 Hjólsvæitin Orkestret** Dönsk gamanþáttaröð.
- 22.40 Ummerki Traces** Spennuþættir frá BBC. Ung kona sem starfar á réttarrannsóknarstofu finnur upplýsingar um hvarf móður sinnar. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
- 23.25 HM kvöld**
- 00.10 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil**
- 12.40 The Late Late Show**
- 13.25 Love Island Australia**
- 14.25 Survivor**
- 15.10 The Block**
- 16.10 Venjulegt fólk** Venjulegt fólk eru grínþættir með dramatísku ívafi.
- 17.00 90210**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 Love Island Australia**
- 20.10 A Million Little Things**
- 21.00 CSI. Vegas**
- 21.50 4400**
- 22.35 Joe Pickett**
- 23.25 The Late Late Show**
- 00.10 Love Island Australia**
- 01.10 Law and Order. Special Victims Unit**
- 01.55 Chicago Med**
- 02.40 New Amsterdam**
- 03.25 Super Pumped**
- 04.25 Guilty Party**
- 04.55 Tónlist**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.25 The Mentalist**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Adventan með Völu Matt**
- 09.45 Impractical Jokers**
- 10.25 Eldhúsið hans Eypórs**
- 10.50 Conversations with Friends**
- 11.20 30 Rock**
- 11.40 Nágrennar**
- 12.00 The Great British Bake Off**
- 13.00 B Positive**
- 13.20 Wipeout**
- 14.00 Listing Impossible** Fasteignasali elítunnar í L.A., Aaron Kirman, og teymið hans eru sérfræðingar í að selja erfiðar, rándýrar eignir.
- 14.40 Manifest**
- 15.25 Vitsmunaverur**
- 15.55 Supergirl**
- 16.35 The Masked Singer**
- 17.40 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrennar**
- 18.25 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Shark Tank**
- 19.50 Inside the Zoo**
- 20.50 Masterchef USA**
- 21.35 S.W.A.T.**
- 22.15 Monarch**
- 23.00 Unforgettable**
- 23.40 We Are Who We Are**
- 00.35 We Are Who We Are**
- 01.25 The Mentalist**
- 02.05 Conversations with Friends**
- 02.35 30 Rock**
- 02.55 B Positive**
- 03.15 Listing Impossible**

Jólaheimilin heimsótt

Byrjað verður að telja niður í jólin í þættinum Matur og heimili á Hringbraut í kvöld, en þá heim-sækir Sjöfn tvö heimili sem eru komin í jólabúninginn, fyrst hjá Ingu Bryndísi Jónsdóttur fagurkera á Skólavörðustígnum en síðan liggur leiðin á heimili Þórunnar Högnadóttur, stílista með meiru. Þórunn elskar þennan árstíma. Töfrar jólaanna verða í forgrunni þáttarins í kvöld. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 mörg
5 litprota
6 tveir eins
8 einsetumaður
10 tveir eins
11 gönuhlaup
12 úrgangur
13 mokað
15 granaldin
17 gera

LÓDRÉTT

- 1 meira
2 viðureign
3 stafur
4 sannfæringar
7 skrapast
9 molna
12 tala
14 þar til
16 sýl

LÁRÉTT: 1 fest, 5 ren, 6 rr, 8 einbúi, 10 kk, 11 ras, 12 sorp, 13 rútt, 15 annas, 17 skálf.
LÓDRÉTT: 1 frekara, 2 leik, 3 enn, 4 trúar, 7 rispast, 9 brota, 12 stak, 14 uns, 16 al.

Sudoku

4	2				9			
1	3	8		4	7	2		
	7				1		4	
6	4	1				3		
		2						
8				2	5		1	
7	8			1			9	
			9			8		
9		4	8	2		7		

							3	4
7		6					5	1
					1			7
								1
	5	9	4					
			9	3		6		
	2							
				9		7	4	2
			5	6		9		
3			8	7				

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

„FRÆÐANDI OG SKEMMTILEG ...“

UMSÖGN DÓMNEFNDAR ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNANNA

„Reykjavík barnanna er stór og vegleg bók sem tekur sig alvarlega og stendur fyllilega undir því.“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ



Fróðleiksnáma um sögu Reykjavíkur, höfuðborgar allra landsmanna, fyrir alla fjölskylduna!

TÓNLISTAR & KVIKMYNDASPIL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



Skannaðu mig



20% AFSLÁTTUR MEÐ KÓÐANUM "SVARTUR"

LEITINADSTJORNUNNI.IS
S. 771-7171



Bókakynning Árnastofnunar

tsh@frettabladid.is

Í haust komu út tvær bækur á vegum Árnastofnunar, greinasafnið Fyrningar eftir Véstein Ólason, prófessor emeritus og fyrrverandi forstöðumann Árnastofnunar, og Sýnisbók þess að Ísland er ekki barbaraland, sögulegt rit samið á latínu af Jóni Þorkelssyni, Skálholtsrektor.

Í tilefni þessa efnir Árnastofnun til bókakynningar í Gunnarshúsi í kvöld kl. 20. Þar mun Helgi Skúli Kjartansson, sagnfræðingur og prófessor emeritus, ræða við Véstein Ólason um Fyrningar og Guðrún Ingólfsdóttir bókmenntafræðingur ræða við Hjaltu Snæ Egiðsson vegna útgáfu hans á Sýnisbókinni. Öll eru velkomin og aðgangur ókeypis. ■



Uldis Ozols og Jökull Smári Jakobsson fara með hlutverk parsins Hrafn og Tómasar í sýningunni Eyju. MYND/ÁSEND

Að vera áhorfandi að þögn

LEIKHÚS

Eyja
Þjóðleikhúsið í samstarfi við sviðslistahópinn O.N.
Höfundar: Ástbjörg Rut Jónsdóttir og Sóley Ómarsdóttir
Leikstjórn: Andrea Elín Vilhjálmstöðttir
Leikarar: Ástbjörg Rut Jónsdóttir, Björn Ingi Hilmarsson, Jökull Smári Jakobsson, Sigríður Vala Jóhannsdóttir og Uldis Ozols
Leikmynd og búningar: Tanja Huld Levý Guðmundsdóttir
Hljóðmynd og tónlist: Hreiðar Már Arnason
Lýsing: Kjartan Darri Kristjánsson
Listrænn ráðunautur: Hjördís Anna Haraldsdóttir



Sýningin Eyja er samstarfssýning sviðslistahópsins O.N., sem samanstendur af heyrandi og heyrnarlausu listafólki, og Þjóðleikhússins. MYND/ÁSEND

Sigríður Jónsdóttir

Um daginn var frumsýnd samstarfssýningin Eyja á Litla sviði Þjóðleikhússins. Eyja er úr ranni sviðslistahópsins O.N. sem samanstendur af heyrandi og heyrnarlausu listafólki og sérhæfir sig í tvítyngdum sýningum. Hér er ekki verið að tala um erlent tungumál heldur hitt íslenska tungumálið, íslenskt táknmál. Eyja fer fram á báðum málum og er bæði táknmáls- og textuð.

Samfélag döff einstaklinga

Eftirfarandi skilgreiningu má finna á heimasíðu Félags heyrnarlausra: „Á Íslandi er orðið döff notað um heyrnarlaust fólk sem talar táknmál. Að vera döff er að tilheyra samfélagi heyrnarlausra og líta á táknmál sem sitt fyrsta mál. Samsömun og sjálfsmýnd eru mikilvægir þættir í þessu samhengi. Að vera döff er því menningarleg skilgreining á heyrnarleysi.“

Þessi skilgreining er bæði gagnleg til glöggvunar á samfélagi döff einstaklinga og Eyju sem snertir á mörgum þeim punktum sem fram í henni koma. Eyja er að mörgu leyti hefðbundið fjölskyldudrama. Faðirinn, höfuð fjölskyldunnar, er fallinn frá, börnin hans koma saman til að ganga frá eigum hans og gera upp fortiðina. Gömul sár opnast og allt breytist þegar óvæntan gest ber að garði.

Áralöng þreyta

Uldis Ozols leikur Hrafn sem er döff, líkt og Uldis, og framvindan snýr aðallega að upplifun hans í bæði samfélaginu og fjölskyldunni sinni. Hrafn er best skrifaði karakter leikverksins og gerir Uldis sér mikinn

”

Enginn er eyland, sagði skáldið, en mannfólkið er þrátt fyrir það duglegt að einangra þá sem eru öðruvísi.

ingum ósvarað, framvindan flöt og persónur eyða of miklum tíma í að útskýra frekar en að segja frá náttúrulega og leyfa áhorfendum að fylla í eyðurnar. Umræðurnar um Gallaudet-háskólann í Bandaríkjunum eru svo draumkenndar að þær jafna við ævintýri og ákvörðun Hrafn undir lok leiksins virðist algjörlega aftengd raunveruleikanum.

Mikilvægt skref

Leikstjórnin Andrea Elín Vilhjálmstöðttir finnur einfaldar en skynsamar lausnir í sviðsetningunni, þar spila hönnun Tönju Huldar Levý Guðmundsdóttur og hljóðheimur Hreiðars Más Arnasonar mikilvægt hlutverk. Eyja er römmuð inn með atriðum sem notast við VV (visual vernacular), tjáningarform sprottið upp úr döff-samfélaginu, og heppnast einkar vel. Táknmálsstúlkunin og textinn eru saumuð lipurlega í leikmyndina. Eitt eftirminnilegasta atriðið, fyrir heyrandi einstakling, er þegar heyrandi áhorfendur sem kunna ekki táknmál eru settir á jadarinn og upplifa á eigin skinni hvernig er að vera útilokaður. Einnig má nefna ljúft augnablik þegar Hrafn og Tómas dansa saman.

Enginn er eyland, sagði skáldið, en mannfólkið er þrátt fyrir það duglegt að einangra þá sem eru öðruvísi, hvort sem er innan fjölskyldueiningarinnar eða í samfélaginu öllu. Eyja er mikilvægt skref í inngildingunni fleiri hópa inn í leikhúsið, bæði sem þátttakenda í listsköpun og áhorfenda, og þar liggur styrkur sýningarinnar en veikleiki hennar er melódramatískt og á köflum væmið handrit. ■

NIÐURSTAÐA: Melódramatísk en mikilvæg sýning.

www.betrabak.is

VERÖLD HVÍLDAR

BETRA BAK – LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

Chandon er ný og glæsileg lína frá Serta þar sem hugsað er fyrir hverju smáatriði.

Chandon heilsurúmið er einnig hægt að fá með stillanlegum botnum og heilli yfirdýnu. Einnig fáanlegt í gráum lit. Einstaklega falleg hönnun þar sem þægindi og stuðningur veita þér þann svefn sem þú átt skilið.

Stærð	Verð með botni	Verð m/stillanlegum botni
160 x 200 cm	449.900 kr.	649.900 kr.
180 x 200 cm	484.900 kr.	679.900 kr.
180 x 210 cm	509.900 kr.	689.900 kr.
200x200 cm	524.900 kr.	739.900 kr.

SERTA CHANDON HEILSURÚM
(dýna, botn, gafl og lappir)

20% AFSLÁTTUR AF BADSLOPPUM

20% AFSLÁTTUR AF SENGURFÖTUM

BELLA DONNA
Bómullin er blönduð með Aloe Vera geli. Lökin halda sér ár eftir ár. 97% bómull og 3% elastin. Verð frá 7.900 kr.

Nú frá 7.900 kr.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIDI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

Verð og véruupplýsingar, auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Desember tilboð

H1
Rafmagnsborð



49.900 kr.
ALLAR STÆRÐIR - ALLIR LITIR
MINNISSTÝRING INNIFALIN

P90
Skrifborðsstólar



TILBOÐ 69.900 kr.
LISTAVERÐ 123.900 KR.

Dealer
Skrifborðsstólar



TILBOÐ 19.900 kr.
LISTAVERÐ 31.900 KR.

UNI 550
Stólar



TILBOÐ 25.900 kr.
LISTAVERÐ 39.900 KR.

SNAP
Stólar



TILBOÐ 25.900 kr.
LISTAVERÐ 34.900 KR.

ErgoMedic
Skrifborðsstólar



TILBOÐ 169.900 kr.
LISTAVERÐ 249.900 KR.

www.hirzlan.is



RAMMASAMNINGUR VÍÐ
RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 - Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is



Rækjukokteillinn hefur verið fastagæstur í jólahaldi fjölda landsmanna.

Tímabært ris ræjukokteilsins

ninarichter@frettabladid.is

„Ég er svo sannarlega til í að ræða ræjukokteillinn allan daginn,“ svarar Ólafur Örn Steinunnar Ólafsson, veitingamaður á Brút, aðspurður um nýjustu viðbótina á matseðli Brút, ræjukokteillinn.

Rétturinn var fastur liður í jólahaldi landsmanna um árabil. Vinsældirnar hafa dalað seinni ár en nú ris hann á ný af fullum krafti.

„Ræjukokteillinn var svolítið ofnotaður. Ég er svo gamall að þegar ég var að læra til þjóns þá var ræjukokteill á matseðlinum. Hann seldist mikið og vel og hefur verið á jólaborðum landsmanna, og er víða enn þá, af því að jólin snúast um hefðir.“

Að sögn Ólafs hefur hann reynt árum saman að koma ræjukokteillum í tísku. „Það hefur ekki tekist fyrr en núna.“



Ólafur Örn Steinunnar Ólafsson

Spurður um ástæður þess, svarar hann: „Ég veit það ekki. Kannski höfum við ekki verið tilbúin í kombakkið strax. Eins og öll tíska fer í hringi. Kannski erum við að uppgötva að þó að þetta hafi verið hallærislegt í einhvern tíma, þá er þetta ógeðslega góður matur, skilurðu.“

Á Brút er ræjukokteillinn borinn fram með bleikri sósu hússins. „Við erum aðeins búin að poppa hana upp, það er smá chili í henni og hún er pínku bragðmeiri. En þetta er samt svona gamaldags ræjukokteilsósa. Svo eyddum við töluverðu púðri í að finna réttu rækjuna, þær þurfa að vera stórar. Við fundum fráberar risastórar rækjur, og notum avókadó og vegan kaviar úr þara.“ ■



Sláðu í gegn á stefnumótaforritum

Tillögur frá Miu Lux, forstjóra hjá La Vette Social Club

Ef verið er að senda skilaboð á stefnumótaforriti leggur Mia til eftirfarandi skilaboð:

1. Lýstu þér í þremur orðum.
2. Hver var besti hluti dagsins í dag?
3. Hver er furðulegasti hæfileikinn þinn?
4. Ef þú værir tjákn, hvaða tjákn værirðu?
5. Hverjir voru fyrstu tónleikarnir sem þú sóttir?
6. Hver er eftirlætis skáldaða persónan þín?
7. Ef þú gætir borðað kvöldmat með hverjum sem er, lífandi eða liðnum, hver væri það?
8. Hvert er skemmtilegasta frí sem þú hefur farið í?
9. Hver er uppáhaldshátíðin þín?
10. Ef þú værir dýr, hvaða dýr værir þú?

Ef verið er að senda skilaboð á einhvern sem þú ert að hitta annað slagið:

1. Ertu með mottó?
2. Í hvaða stjórnumerki ertu?
3. Ertu meira inn á við eða út á við?
4. Hvað fer mest í taugarnar á þér?
5. Hvaða týpa ertu í vina-hópnum?
6. Ef lífið þitt væri bíómynd, hvaða senu myndirðu vilja horfa á síndurtekið?
7. Hvað myndirðu gera ef þú ynnir í lottóinu?
8. Hvenær fékkstu síðast hláturskast þannig að þú meigst næstum því í buxurnar?
9. Hvernig er hinn fullkomni dagur í þínum huga?
10. Hvað er það áhugaverðasta sem þú hefur heyrt nýverið?

Tískutímarit hafa í áratugi birt ráðleggingar til fólks um hvernig haga skuli sér í tilhugalífi af öllu tagi. Listar með æskilegum aðferðum við daður, klæðaburð og stellingar hafa fyllt síður glanstímarita í áraraddir og ráðin reynast misgóð, eins og gengur.

ninarichter@frettabladid.is

Á netinu finnst aragrúi yfirlitgreina yfir æskilegustu eiginleika Tinder-prófils. Það sem góðir prófilar eiga sammerkt er eftirfarandi:

1. Einföld lýsing. Nokkur orð um hver þú ert, engar fyndnar eða ofur-hnyttar málalengingar.
2. Sýndu þitt sanna sjálf í gegnum þrjár til sex myndir. Alls ekki nota sjálfur. Útivistarmyndir eru vænlegastar til vinnings.
3. Hafðu myndirnar vandaðar, ekki pixlaðar, lélegar eða óljósar. Ekki nota filtera.
4. Fáar hópmyndir. Fólk nennir ekki að liggja yfir þeim að leita að þér innan um hin andliti.
5. Brostu. Svo má bæta við að konur sem brosa í myndavélina fá fleiri skilaboð á meðan karlar sem líta undan eru vinsælli.

Stefnumótasenan hefur umturnast með tilkomu samfélagsmiðla og fólk kynnist gjarnan á snjallforritum áður en það hittist í kjötheimum. Því er mikilvægt að pússa stafrænu

skóna og kunna að koma fyrir sig orði með textaskilaboðum.

Mia Lux, meðstofnandi og forstjóri stefnumótaforrisins La Vette Social Club, ræddi við bandaríska glanstímaritið Cosmopolitan á dögunum um bestu isbrjótana til að senda á rómantískt viðfang í stafrænu daðri. Megininntakið var á þá leið að vera með skýra hugmynd um tilgang skilaboðanna, og að vera

ekki of leiðinlegur. Hér að ofan má nálgast samantekt frá Miu Lux.

Markmið

Í fyrsta lagi ber að hafa í huga hvert markmiðið er með skilaboðunum. Ertu að reyna að kynnast manneskjunn, ertu að leita að ákveðnum upplýsingum eða viltu bara minna á þig?

Því fyrr sem þú áttar þig á þessu,



Takið þessum ráðum með svokölluðu saltkorni og gangi ykkur vel. Það er að minnsta kosti sparnaður í gjafainnkaupum ef þið haldist einhleyp yfir jólin.

þeim mun líklegri er að þú fái það sem þú vilt út úr samtalinu. Mia Lux bætir við að markmiðið eigi einnig að felast í að bæta einhverju ánægjulegu við daginn hjá viðkomandi í stað þess að vera bara enn ein tilkynningin í símanum. Þá bætir hún við að fólk þurfi að muna að móttakandi getur verið upptekinn í daglegu amstri. Einnig eru sumir bara alls ekki hrifnir af því að spjalla á þessu formi. Gangi samskiptin hægt mælir Mia með því að spyrja hvort að annar samskiptamati komi til greina, til dæmis símaspjall.

Það eina sem við getum sagt er: Takið þessum ráðum með svokölluðu saltkorni og gangi ykkur vel. Það er að minnsta kosti sparnaður í gjafainnkaupum ef þið haldist einhleyp yfir jólin. ■

Tískulinsur í úrvali
Breyttu um augnlit

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Poppstjarnan Dua Lipa er komin með albanskan ríkisborgararétt

ninarichter@frettabladid.is

Breska poppstjarnan Dua Lipa hlaut á dögunum albanskan ríkisborgararétt. Dua Lipa er af albönskum uppruna, fædd 1995 og dóttir innflytjenda frá Kósovó.

Forseti Albaníu, Bajram Begaj, veitti söngkonunni réttindin á sunnudag, degi fyrir 110 ára afmæli sjálfstæðis Albaníu, í ráðhúsinu í höfuðborg Albaníu, Tírana. Begaj sagði tilefnið vera sannkallaðan heiður í ljósi alþjóðlegs landkynningargildis tónlistar Dua Lipa fyrir Albani.

Dua Lipa fagnaði með sjálfu á Instagram þar sem hún birti vegaþrífnið og lýsti miklu þakklæti.

Dua Lipa nýtur gríðarlegra



Dua Lipa deildi ljósmyndum frá Tírana á samfélagsmiðlum í fyrradag.

MYND/SKJÁSKÖT

alþjóðlegra vinsælda sem poppsöngkona. Tónlist hennar má lýsa sem diskó-poppi.

Hún hefur hlotið sex Brit-verðlaun, þrenn Grammy-verðlaun, tvenn MTV Europe-verðlaun,

Billboard-verðlaun, Bandarísku tónlistarverðlaunin og slegið að auki tvö heimsmet fyrir flesta miða selda á streymisviðburð og mest spilaða lagið á mánuði á streymisveitunni Spotify. ■

Lífið í nýrri mynd, nú með hljóði

Beltone Imagine™ – hágæða heyrnartæki

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.



Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



DORMA

JÓLIN ERU Í DORMA

Frábært úrval og gott verð

Sealy **HYATT** heilsurúm með Classic botni

Frábær heilsudýna með háþróðuðu gormakerfi sem veitir stuðning, þægindi og endingu.

Verðdæmi: 120 x 200 cm. Fullt verð: 228.900 kr.

Nú 193.320 kr.

JÓL
20%
AFSLÁTTUR**HOUSTON** tungusófi

Flottur sófi í Kentucky bonded leðuráklæði. Koniákslitaður. Fullt verð: 219.900 kr.

Nú 175.920 kr.

JÓL
20%
AFSLÁTTUR**KOLDING**

hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll með skammel. Ýmsir litir. Fullt verð: 169.900 kr.

Nú 135.920 kr.

DIMMA

baðsloppur

Einstaklega fallegur og mjúkur baðsloppur. Sloppurinn er úr 100% Micro bómull og kemur í hvítum og gráum lit og stærðunum S, M, L, og XL Fullt verð 12.900 kr.

Nú 10.320 kr.

20%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM SÆNGUM
OG KODDUM

Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísaförði

DORMA

Láttu drauminn ræstast



Rakin ráð fyrir svefnlausar nætur

Góður svefn er gulls ígildi en margir eiga erfitt með að festa svefn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTURY

Fara hugsanirnar á fullt þegar þú leggst á koddann og ferðu að rifja upp gömul samtöl og hnyttin og flugbeitt svör sem þú hefur átt að nota fyrr um daginn? Leiðinleg bók og talin rollufjöld eru ekki einu lausnirnar á þessum leiða vanda.

ninarichter@frettabladid.is

Flestir upplifa andvökunætur einhvern tímann á lífsleiðinni. Áskoranir í hversdeginum geta verið af ýmsum toga og líf nútímafólks getur verið flókið. Streita tengd vinnu, fjölskyldu, námi eða annað almennt álag getur valdið því að okkur þykir erfitt að slaka á. Samfélagsmiðlar og skjánotkun leika þar sístækkandi hlutverk. Mörg okkar fá alls ekki eins mikinn svefn og við þurfum.

Hér eru atriði sem sérfræðingar segja hafa áhrif á svefngæðin.

Mataræði

Það getur verið mjög hressandi að skella í sig góðum kaffibolla. Koffín er jú örvandí efní. Það er því best að halda koffindrykkjum í lág-

marki seinni hluta dags og best að sleppa þeim alveg á kvöldin. Þó að þú sofnir hefur koffín magnið í líkamanum mikil áhrif á svefngæðin og jafnvel meiri en fólk gerir sér grein fyrir. Þetta á við um kaffi, en líka te, kóladyrki og áfengi. Þá er best að forðast þungar máltíðir fyrir svefninn og sneiða hjá fiturikum og þungum mat, og mat með miklum sykri.

Hreyfing

Hreyfing er ein áhrifaríkasta leiðin til að draga úr streitu. Hreyfing getur einnig hjálpað við að stjórna svefnmynstrinu og draga úr þeim tíma sem tekur okkur að festa svefn. Hreyfingin bætir einnig gæði svefnsins. Lítt hreyfing, á borð við hálf tíma göngu á dag, getur skilað sér í bættum svefni.

Rúttína

Svefnrúttína getur bætt svefngæðin og þannig ertu að forrita heilann til að skilja að nú sé kominn háttatími. Siendurteknar venjur styrkja þetta samband og gerir þér auðveldara fyrir að slaka á og komast í slökunarástand. Þetta geta verið slakandi venjur á borð við bóka-

lestur, hugleiðslu eða slakandi tónlist. Að sama skapi skyldi forðast að spila tölvuleiki og horfa á sjónvarp rétt fyrir svefninn. Gott er að gæta að hitastigi svefnherbergisins, hafa það svalt og forðast skjátæki inni í herberginu.

Birtustig

Á veturna getur verið hjálplegt að slökkva ljósin klukkutíma fyrir svefn. Á sumrin er gott að eiga myrkunargluggatjöld sem geta dregið verulega úr náttúrulegu ljósi sem streymir inn í herbergið þitt. Sömuleiðis er þetta gagnlegt þeim sem búa við upplýstar götur og fjölfarnar umferðargötur. Ljós getur truflað framleiðslu melatóníns, hormónsins sem stjórnar svefnmynstrinu.

Bless, sími

Síðast, en alls ekki síst, skaltu reyna eftir fremsta megni að skilja símann eftir fyrir utan svefnherbergið og forðast að hafa önnur skjátæki inni í svefnherberginu. Það getur verið gagnlegt að kaupa vekjarklukku með batteríum, upp á gamla mátann, til að losna við símann af náttborðinu. ■

Sérfræðingurinn

Stelpurnar eittraðri en strákarinn

Hvernig fannst þér Bachelor in Paradise?

odduraevar@frettabladid.is

**Unnur Eggertsdóttir**

leik- og söngkona

„Ég var mjög ánægð með þessa seríu, maður er aldrei að búast við frábæru sjónvarps-

efni, maður veit að maður er bara að drepa heilasellur, sem er frábært þegar maður er í fæðingarorlofi," segir Unnur Eggertsdóttir sem stýrir Facebook-hópnum Piparsveinar og Piparmeyjar.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég held meira með strákunum en konunum. Körlunum hefur einhvern veginn alltaf tekist að vera vondu karlarnir en í ár þá fannst mér konurnar miklu eittraðri. Kate var til dæmis ógeðslega vond við Logan, sem er sjálfur alls ekki mín týpa en það var enginn að neyða hana til að deita hann.

Mér fannst augljóst að þær voru ofboðslega meðvitaðar um myndavélarnar og þær voru þess



Unnur er ánægð með nýjustu seríuna en ekki stelpurnar.

MYND/NBC

vegna að reyna að vera einhverskonar hetjur. Auðvitað voru líka ömurlegir gæjar í þessari seríu en heilt yfir voru þeir flestir flóttir, búnir að vera hjá sálfræðingi og einhvern veginn þroskaðri en þær.

Unnur segist ekki hrifin af svokölluðu Casa Amor-tvísti í seríunni sem fengið var að láni frá Love Island-raunveruleikabátunum. „Mér fannst það mjög misheppn-

að og vona að þau geri það ekki aftur. Þarna voru þórin bara búin að þekkjast í nokkra daga og eiga þá strax að þurfa að taka svona ákvarðanir.“

Þá fannst Unni áhyggjur keppenda af Rodney taka fullmikið pláss. „Það hefði meikað meira sens ef það hefði svo komið í ljós að hann væri næsti Bachelor en svo var ekki, þannig að maður skilur þetta ekki alveg.“ ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is. ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Húnfjörð audur@frettabladid.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is. FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhjálmsson joni@frettabladid.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolbeinn@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is. FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is. RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is. TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is



Gjafakort Þjóðleikhússins

Gleðistund í jólapakkann



Gjafa
kort



Almennt gjafakort
Gildir á sýningu að eigin vali
og rennur aldrei út!

Þjóð
leik
húsið

Sérstök
jólatilboð



Draumatilboð
Þúsund króna afsláttur
af hverjum miða. Tilvalin
gjöf fyrir fjölskyldur af
öllum stærðum.



Leikhúsveisla
Tveir miðar á sýningu að
eigin vali ásamt leikhús-
smáréttum til að njóta
fyrir sýningu eða í hléi.

Nánar á
leikhusid.is

Bakþankar

Kristbjargar
Þórisdóttir

Jólagjöf til þjóðar

Aðventan hófst síðastliðna helgi. Tími jólahlaðborðs, fimleikamóts, uppsetningar jólaljósa, jólaballs, jólatónleika, jólasnarls og aðventustundar þar sem við fórum í jólapeysur og settum á okkur jólahúfur. Á svörtum föstudegi og rafrænum mánudegi var lokið við að kaupa meirihluta jólagjafanna. Ég held ég sé tilbúin fyrir þessi jól fyrir utan „örfáa hluti“ til viðbótar sem þarf að græja fyrir jólin!

Jólin eru yndislegur tími en þau eru líka annasamur tími fyrir langflesta. Þau eru tími togstreitu á milli þess að njóta og vera í streitu. Það er auðvelt að verða streitunni að bráð í desember og því má velta fyrir sér hvort ekki megi minnka aðeins aðgerðalistann. Það þarf ekki að gera allt fyrir jólin! Þau koma hvort sem er og jólaandinn er háður því að okkur líði vel.

A tónleikunum fann ég þá innri ró og djúpu tengingu við lífið og tilfinningarnar sem er svo dýrmæt enda gáfu okkar ástsæli Páll Óskar, Monika og allt tónlistarfólkið sig öll í verkefnið. Aðventan er tími til að hugleidda undangengið ár, horfa fram á veginn, vera þakklát, umhyggjusöm en jafnframt í núinu. Tími til að huga að eigin líðan og annarra. Ef fullorðnu fólki líður vel þá líður börnum frekar vel og jólin eru hátíð barnanna.

Ég legg til að við sem þjóð gefum okkur ákvörðun um Velsædarlöggjöf í jólagjöf sem systkinalöggjöf Farsældar, vel heppnaðrar löggjafar fyrir börn sem byggir á sömu hugmyndafræði, en fyrir fullorðna. Þannig aukum við líkur á að sem flestir þrífist í samfélaginu, börn jafnt sem fullorðnir, á komandi árum og áratugum. Gleðileg velsædarjól! ■

LÆGSTA
VERÐIÐ
Í HAFNARFIRÐI
ER Á REYKJAVÍKURVEGICYBER
MONDAY

10%

AF ÖLLUM
VÖRUM

30-50%

AF VÖLDUM
VÖRUM

25%

AF VANDYCK
& BRINKHOUSE
MJÚKVÖRU

50%

AF ÖLLU
Í OUTLETI

Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði
og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.isUM FJÓRÐUNGUR LANDS-
MANNA SEFUR Á DÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.